

Tónmenntaskóli Reykjavíkur

SKÓLANÁMSKRÁ

Tónmenntaskóla Reykjavíkur

SEPTEMBER 2005

Skólanámskrá Tónmenntaskóla Reykjavíkur

2. útgáfa 2005

Tónmenntaskóli Reykjavíkur

Reykjavík

Setning og umbrot: Tónmenntaskóli Reykjavíkur

Prentun / fjölföldun: Prentsmiðjan Guðjón Ó

© 2005 Tónmenntaskóli Reykjavíkur

Efnisyfirlit

FORMÁLI	5
Skipulagsskrá Tónmenntaskóla Reykjavíkur	6
1. INNGANGUR	9
Hlutverk skólanámskrár Tónmenntaskóla Reykjavíkur	9
2. HLUTVERK OG MARKMIÐ TÓNMENNTASKÓLA REYKJAVÍKUR ...	9
3. SÉRSTAÐA TÓNMENNTASKÓLANS	12
4. NÁMSKIPAN	13
Forskóli	14
Fiðluforskóli	14
Hljóðfæranám	14
Hóptímar	15
Skapandi starf	16
Samspil	16
5. NÁMSEFNI, NÁMS- OG KENNSLUÁÆTLANIR	17
Hópkennsla	17
Hljóðfæra­kennsla	18
6. NÁMSKRÖFUR - HEIMAVINNA	19
7. PRÓF OG NÁMSMAT	20
Hljóðfæranám	21
Hóptímar	22
Tónleikar og samspil	22
Vormat	23
8. NÁMSUMHVERFI	24
Húsnæði	24
Tæki og búnaður	24
9. SAMVINNA VIÐ FORELDRA	25

10. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	26
11. SKÓLAREGLUR	28
12. ÓVÆNTAR UPPÁKOMUR	30
13. NEMENDUR - FJÖLDI, ALDUR OG DREIFING	30
14. FORSAGA OG ÞRÓUN	31
Húsnæðismál	32
Rekstur og fjármögnun	33
15. FRAMTÍÐARSÝN	33
VIÐAUKI	35
Umsókn fyrir skólapróf	36
Prófskírteini fyrir hljóðfæri (skólapróf)	37
Prófskírteini fyrir tónfræði (skólapróf)	38
Vitnisburðarblað fyrir Grunnpróf (Prófanefnd)	39
Vitnisburðarblað fyrir Miðpróf (Prófanefnd)	40
Skírteini um áfangapróf tónlistarskóla (Grunnpróf)	41
Skírteini um áfangapróf tónlistarskóla (Miðpróf)	42
Um matsaðferðir í skólaprófum	43
Matsblað fyrir hljóðfæranám (skólapróf)	46
Matsblað fyrir nám í hóptímum (skólapróf)	47
Miðsvetrarmat	48
Vormat	49

Formáli

Hér birtist önnur útgáfa af Skólanámskrá Tónmenntaskóla Reykjavíkur en fyrsta útgáfan kom út í febrúar 1996.

Var þá í fyrsta sinn gerð tilraun til að setja Tónmenntaskóla Reykjavíkur skólanámskrá og kom hún út í kjölfar útgáfu að drögum á aðalnámskrá tónlistarskóla á vegum menntamálaráðuneytisins í febrúar 1996. Endanleg útgáfa aðalnámskrár tónlistarskóla á vegum menntamálaráðuneytisins kom síðan út í maí árið 2000 (almennur hluti). Í því riti er tilgreint hvernig uppbygging skólanámskráa í tónlistarskólum skuli vera (bls. 21 – 22).

Í Skólanámskránni er reynt að taka á flestu sem lýtur að skipulagi, námi og kennslu í Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Leitast er við að gefa góða heildarsýn yfir sem flesta þætti skólastarfsins, m.a. hvaða nám skólinn býður upp á og hverjum það er ætlað, uppbyggingu skólans og kennsluhætti. Vikið er að þeim hugmyndum sem liggja að baki skipulagi skólans og fjallað um námsmat. Einnig er sett fram stutt ágríp af sögu skólans.

Skólanámskrá Tónmenntaskóla Reykjavíkur er ætluð öllum sem vilja fræðast um þetta efni. Þar sem Tónmenntaskólinn er einkum fyrir nemendur á grunnskólaaldri er þess að vænta að skólanámskráin komi foreldrum eða öðrum forráðamönnum þeirra að gagni.

Reykjavík, september 2005

Stefán Edelstein
Skólastjóri

Skipulagsskrá fyrir Tónmenntaskóla Reykjavíkur

1. gr.

Skólinn var stofnaður haustið 1952 af Dr. Heinz Edelstein og hlaut þá nafnið Barnamúsíkskólinn. Hann naut styrkja frá Reykjavíkurborg frá upphafi. Síðar hlaut hann styrki skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla frá 23. maí 1975 með síðari breytingum á þeim lögum, m.a. frá 14. júlí 1985.

Breytt var um nafn á skólanum árið 1977 og heitir hann nú Tónmenntaskóli Reykjavíkur og er hann til heimilis að Lindargötu 51 og 48.

2. gr.

Tónmenntaskóli Reykjavíkur er sjálfseignarstofnun. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Skólinn er fjármagnaður með styrkjum frá Reykjavíkurborg í samræmi við þjónustusamning sem skólinn gerir við Fræðslumiðstöð og nær sá styrkur yfir kennslukostnað skólans. Annar rekstrarkostnaður skólans fjármagnast af skólagjöldum. Skólastjóri ber ábyrgð á fjármálum skólans. Hann skal gera fjárhagsáætlun á hverju ári og skila inn til Fræðslumiðstöðvar.

Skólastjóri skal fyrir 1. maí ár hvert gera kennsluáætlun næsta skólaárs (skóladagatal). Skal áætlun þessi lögð fyrir skólanefnd til samþykkis.

4. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og stuðla þar með að eflingu tónlistarlífs í Reykjavík.

Þessum markmiðum hyggst skólinn ná með því:

að annast kennslu á sem flest hljóðfæri skv. námskrá útg. af menntamálaráðuneytinu

að annast kennslu í tónfræðagreinum við hæfi, aldri og þroska nemenda og skv. námskrá útg. af menntamálaráðuneytinu

að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu

að leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku sem flestra nemenda í samspili (kammermúsík) og ýmiss konar hljómsveitarstarfi

að búa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist

5. gr.

Nemendur í skólanum skulu að meirihluta til vera á grunnskólaaldri. Þó verði hægt að starfrækja tónlistarnámskeið fyrir börn á aldrinum 3 – 5 ára og einnig tónlistarkennslu eldri nemenda í einstaka tilfellum.

6. gr.

Skólinn semur skólanámskrá þar sem fjallað er um skilgreind hlutverk og markmið skólans, námskipan, námsefni og kennsluáætlanir, námskröfur og heimavinnu, próf og námsmat, samvinnu við foreldra, ýmsar hagnýtar upplýsingar og skólareglur.

Skólanámskrá er endurskoðuð á 3 – 4 ára fresti til að endurspegla og uppfæra breytingar í skipulagi, kennslutilhögun og fleiri þáttum.

7. gr.

Starfstími skólans er 9 mánuðir, frá 1. september til lok maímánaðar. Leyfi á starfstímanum falla að mestu saman við leyfi í grunnskólum borgarinnar.

8. gr.

Ekki er krafist inntökuprófs í skólann að öðru jöfnu en skólinn áskilur sér rétt til að setja á inntökupróf ef ytri skilyrði kalla á það.

Skólinn áskilur sér rétt til að víkja nemanda úr skólanum ef kennari og / eða skólastjóri telja hann ekki sýna þá hæfni eða ástundun sem þeir telja nauðsynlega til árangurs eða ef skólareglur hafa verið ítrekað brotnar.

9. gr.

Nemendur skulu taka þátt í tónleikum og á músíkfundum skólans eftir tilmælum skólastjóra og / eða kennara. Nemendur skulu ekki koma fram opinberlega utan skólans nema með samþykki kennara / skólastjóra.

10. gr.

Skólanefnd skipa þrjú menn og þrjú til vara. Hún skiptir með sér verkum. Skólastjóri skal sitja fundi skólanefndar. Heimilt er að kennarar skólans tilnefni einn fulltrúa úr hópi fastráðinna kennara til að sitja skólanefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt og skal hann bundinn sömu trúnaðarskyldum og stjórnarmenn. Sama gildir um fulltrúa foreldra og fulltrúa frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

11.gr.

Skólanefnd fer með yfirstjórn skólans. Skólanefnd ræður skólastjóra að undangenginni auglýsingu um starfið.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn í samráði við skólanefnd.

12. gr.

Skólastjóri fer með daglega stjórnun í umboði skólanefndar. Hann ber ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við skipulagsskrá þessa svo og í samræmi við skólanámskrá skólans.

Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum, nemendum og foreldrum þeirra svo og aðilum utan skólans.

1. Inngangur

Hlutverk skólanámskrár Tónmenntaskóla Reykjavíkur

Í aðalnámskrá tónlistarskóla, útgefinni af menntamálráðuneytinu í maí 2000 segir:

Lögð er áhersla á sjálfstæði skóla. Í því skyni eru í aðalnámskrá tilmæli um að starfssvið tónlistarskóla skuli skilgreint í skólanámskrá þar sem fram komi markmið náms og fyrirkomulag skólastarfs í viðkomandi skóla. Við gerð skólanámskrár skal taka mið af stefnumörkun aðalnámskrár tónlistarskóla ásamt því að setja fram sérhæfð og staðbundin markmið einstakra skóla (bls. 11).

Aðalnámskrá tónlistarskóla mælir eindregið með því að allir tónlistarskólar skilgreini starfssvið sitt og markmið í skólanámskrám. Skólanámskrá Tónmenntaskólans er ætlað að stuðla að árangursríku skólastarfi með því að veita upplýsingar og yfirsýn, auðvelda endurmat áætlana og tryggja sem farsælast tónlistaruppeldi.

Skólanámskrá Tónmenntaskólans er ætluð foreldrum og öðrum aðstandendum nemenda skólans, nemendum sjálfum og stjórnvöldum sem veita fé til skólans (Reykjavíkurborg) og sem bera faglega ábyrgð á þeim ramma sem tónlistarkennsla í tónlistarskólum landsins byggir á (menntamálaráðuneytið). Auk þess gæti Skólanámskrá Tónmenntaskólans nýst öðrum tónlistarskólum sem hugmyndabanki og almenningi sem áhuga hefur á tónlistaruppeldi sem almennt upplýsingarit.

Skólanámskrá getur aldrei orðið endanleg. Hún þarfnast stöðugrar endurskoðunar og er breytingum undirorpin frá ári til árs, þótt meginatriði hennar geti verið óbreytt lengur.

2. Hlutverk og markmið Tónmenntaskóla Reykjavíkur

Í aðalnámskrá tónlistarskóla segir að tónlistarskólar gegni fjölbættu hlutverki í samfélaginu. Þeim ber að stuðla að öflugum tónlistarlífi jafnframt því að vinna að aukinni hæfni, þekkingu og þroska einstaklinga. Skólunum ber að taka tillit til margvíslegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska; kennsluaðferðir og viðfangsefni þurfa því ætíð að vera fjölbreytt og sveigjanleiki í skólastarfi því nauðsynlegur.

Í aðalnámskrá tónlistarskóla segir á bls. 13:

Hlutverk tónlistarskóla er að:

- stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar [...]
- búa nemendur undir að geta iðkað tónlist uppá eigin spýtur [...]
- búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi [...]
- stuðla að auknu tónlistarlífi [...]

Tónmenntaskóli Reykjavíkur samsamar sig þessu almenna hlutverki og gerir það að sínu. Að öðru leyti er hlutverk Tónmenntaskóla Reykjavíkur fyrst og fremst að veita reykvískum börnum og unglingum á grunnskólaaldri alhliða tónlistarmenntun. Nemendum skólans gefst bæði kostur á undirstöðumennun og þjálfun í hljóðfæraleik að eigin vali. Hlutverk skólans er einnig að reyna ýmsar nýjungar í starfi sínu, bæði hvað varðar námsefni og kennsluáðferðir.

Skólinn fylgist vel með framvindu námsins hjá nemendum og hefur augun opin fyrir því ef sérstakir og óvenjulegir tónlistarhæfileikar koma í ljós hjá einstökum nemendum með það í huga að hlúa að og styrkja þessa hæfileikaríku nemendur.

Í aðalnámskrá tónlistarskóla er rætt um meginmarkmið tónlistarskóla og þeim skipt í þrjá flokka: Uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið. Þar segir:

Uppeldisleg markmið stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun.

Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda.

Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttri mennta- og menningarstarfsemi (bls. 14).

Of langt mál væri hér að telja upp öll meginatriði sem aðalnámskrá greinir frá í þessum þremur flokkum. Þau helstu, í samþjöppuðu formi, eru (bls. 14 - 16):

A. Uppeldisleg markmið

1. Nemendur öðlist lifandi áhuga á tónlist og tónlistariðkun með því að:

- syngja og leika á hljóðfæri
- hlusta á fjölbreytta tónlist við margs konar aðstæður
- skapa eigin tónlist
- taka þátt í samleik og samsöng
- koma fram á tónleikum

2. Nemendur læri að njóta tónlistar og upplifa hana sem:

- hlustendur
- þátttakendur

Auk þessa stuðli tónlistarnám að því að efla sjálfsmynd nemenda, einbeitingarhæfni þeirra og hæfni til að vinna með öðrum.

B. Leikni- og skilningsmarkmið

1. Sjálfstæð vinnubrögð

Nemendur:

- læri og æfist í að leika tónlist eftir nótum, jafnt undirbúið sem óundirbúið
- æfist í að leika og syngja eftir heyrn og minni

2. Hlustun og skilningur

Nemendur:

- læri að heyra og skilja frum- og túlkunarþætti tónlistar
- öðlist þekkingu, geti greint og gert grein fyrir ólíkum tónlistarstefnum, stíltegundum og tímabilum

3. Sköpun eigin tónlistar

Nemendur:

- læri og þjálfist í að setja fram eigin tónhugmyndir bæði skriflega og leiknar af fingrum fram
- læri og þjálfist í að setja saman hefðbundnar eða óhefðbundnar tónsmíðar
- læri og þjálfist í að spinna út frá gefnu upphafi, hljómfæri eða eftir öðrum aðferðum

4. Túlkun tónlistar og flutningur

Nemendur:

- þjálfist í að túlka tónlist með tilliti til aldurs og stíls tónverka
- læri að flytja og túlka tónlist með tilliti til greiningar á viðkomandi verkum
- þjálfist í að flytja tónverk með tilliti til tilfinningalegs innihalds þeirra

Einnig er á bls. 15 og 16 í aðalnámskrá fjallað um að nemendur læri að tjá sig um einkenni og áhrif tónlistar sem og læri að leggja mat á flutning og túlkun tónlistar.

C. Samfélagsleg markmið

Tónlistarskólar:

- veiti öllum sem þess æskja, færi á að kynnast tónlistarnámi af eigin raun
- skapi nemendum tækifæri til tónlistarflutnings, jafnt innan skóla sem utan
- stuðli að aukinni þátttöku áhugafólks í tónlistarlífi
- stuðli að góðri fagmenntun tónlistarmanna og tónlistarkennara.

Auk þess er rætt um að stuðla að góðum undirbúningi undir tónlistarstörf, að efla tónlistarlífið í samfélaginu og íslenska tónmenningu og varðveita tónlistararf þjóðarinnar [...]

Þessi almennt orðuðu markmið í aðalnámskrá tónlistarskóla eru nánast þau sömu og Tónmenntaskólinn stefnir að með starfsemi sinni.

Sem dæmi um **almenn markmið með kennslunni** í Tónmenntaskólanum mætti nefna eftirfarandi:

Nemendur:

- upplifi tónlist gegnum eigin virkni, hlustun og þátttöku með öðrum
- taki þátt í skapandi tónlistarathöfnum sem einstaklingar eða með öðrum í smærri og stærri hópum.
- öðlist skilning og þekkingu á grundvallarþáttum tónlistar (t.d. hrynn, laglínu, hljómi) með því að upplifa fjölbreytilega tónlist í gegnum hlustun og eigin þátttöku.
- fái grundvallarþekkingu í þeim tónfræðaðáttum sem nauðsynlegir eru til að geta stundað hljóðfæranám í viðkomandi stigi.

Þessi markmið eru útfærð nánar í hóp- og hljóðfærakennslunni. Það skal tekið fram að inntakspættir hóptímanna hvað varðar tónfræðaðáttinn, allt frá 1. - 7. bekk skólans, liggja fyrir og eru foreldrum aðgengilegir óski þeir þess. Auk þess liggur fyrir námskrá í

tónfræðum fyrir grunn- og miðnám (bráðabirgðaútgáfa) útg. af menntamálaráðuneytinu 1998. Væntanlega kemur þessi námskrá í tónfræðum út síðar á árinu 2005 í endanlegri útgáfu.

Hljóðfæranámskránnar útgefnar af menntamálaráðuneytinu skýra og skilgreina nánar námsmarkmiðin með hljóðfæranáminu miðað við tiltekin námstig og er þeim sem óska frekari upplýsinga vísað á þær.

Nú er hljóðfærakennslan yfirleitt einkakennsla og má því í raun segja að kennarinn sé með einstaklingsbundin markmið fyrir hvern nemanda, löguð að getu hans og þörfum, jafnvel með einstaklingsbundna námskrá. Tíminn milli áfanga (stigsprófa) getur verið mjög breytilegur eftir nemendum vegna þess hve þeir eru misfljótir að komast yfir verkefni hvers námsstigs.

Ekki er þó öll hljóðfærakennsla í einstaklingskennsluformi. Í Tónmenntaskólanum er iðkað samspil á ýmis hljóðfæri, allt frá samspili á tvö hljóðfæri upp í samspil í blásara- og strengjasveitum (sjá bls. 16).

3. Sérstaða Tónmenntaskólans

Sérstaða Tónmenntaskólans er nokkur meðal tónlistarskóla á Íslandi. Í því sambandi má nefna:

- Nemandi sem hefur nám í Tónmenntaskóla Reykjavíkur þarf að eiga heima Reykjavík og hafa náð sex ára aldri það ár sem nám hefst. Undantekning er fiðluforskóli fyrir 5 ára börn.
- Tónmenntaskólinn einskorðar sig við kennslu barna á grunnskólaaldri (um 6 til 16 ára).
- Nemendum Tónmenntaskólans er skipt í bekkir nokkurn veginn eftir aldri.
- Tónfræðagreinarnar eru kenndar í bekkjum í fámennum hópum og er skylda fyrir alla nemendur í 1. – 8. bekk skólans að sækja þessa hóptíma.
- Samvinna við íslensk tónskáld er fastur liður í starfsemi skólans.

4. Námskipan

Taflan hér að neðan lýsir gróflega skipan náms við Tónmenntaskóla Reykjavíkur.

Kennslufyrirkomulag	Kennslustundir á viku	Lengd kennslu- stunda (í mín.)	Fjöldi nemenda í hópi
Forskóli I og II:	2	50	7 - 9
Fiðluforskóli:	2	um 30	1 - 2
Hljóðfæratímar:	2	30	1
eða	1	60	1 (eldri nemendur)
1. - 4. bekkur, hóptímar:	1	50	6 - 8
5. - 7. bekkur, hóptímar:	1	50 - 65	5 - 7
8. bekkur, hóptímar:	1	65 - 100	5 - 7
Blásarasveit I & II:	2	90 - 120	breytilegur
Strengjasveit I & II:	2	90 - 120	breytilegur
Stórsveit:	2	90 - 120	17 - 18
Samspilshópar:	Samsettir af ólíkum hljóðfærum og starfa óreglulega.		

Nám í Tónmenntaskóla Reykjavíkur fer fram í 8 bekkjum og er deildaskipt sem hér segir: **Forskóli, almennar deildir** (1. - 6. bekkur) og **framhaldsdeildir** (7. og 8. bekkur). Til að komast í framhaldsdeildir, miðað við gamla stigsprófakerfið, þurftu nemendur helst að hafa lokið gamla 3. - 4. stigi á hljóðfæri og í tónfræði. Þó mátti gera undantekningu með hljóðfærastigið og leyfa nemanda sem ekki hafði lokið 3. stigi að fara í framhaldsdeildir enda lyki hann 3. stigi strax að hausti.

Nú þegar nýju prófakerfi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla hefur verið komið á fellur þetta fyrirkomulag að skipulagi aðalnámskrár um skiptingu tónlistarnáms í grunnám að meðtöldu fornámi, miðnám og framhaldsnám samkvæmt eftifarandi lýsingu (sjá aðalnámskrá bls. 17 - 18): Forskóli Tónmenntaskólans sinnir **fornámi, grunnpróf** yrði að jafnaði tekið í 5. bekk (eða í síðasta lagi í 6. bekk) og nemendur sem útskrifast úr 7. eða 8. bekk ljúka **miðprófi** ef nokkur kostur er. Gömlu stigsprófin eru hinsvegar ekki aflögð með öllu. **Forpróf** sem svipar til gamla 1. stigs prófs er tekið að jafnaði eftir 2 - 3 ára hljóðfæranám (í 3. - 4. bekk skólans) og **millipróf** sem svipar til gamla 4. stigs prófs er tekið á milli grunnprófs og miðprófs, hugsanlega í 4. - 5. bekk eða 5. - 6. bekk. Einnig er hugsanlegt að gömlu stigin verða látin halda sér, þ.e. 1. og 2. stig, síðan kæmi Grunnpróf í stað 3. stigs, síðan 4. stig og loks Miðpróf í stað 5. stigs. Reynsla næstu ára munu skera úr um hvor leiðin verður valin.

Forskóli

Fornám er samþætt byrjendanám í tónfræðagreinum, sniðið að aldri og þroska barna (aðalnámskrá bls. 17).

Börn geta innritast í **forskóla** sex eða sjö ára að aldri. Börn sem innritast sex ára eru tvö ár í forskóla en sjö ára börn einn vetur. Kennst er í hópum og eru sjö til níu nemendur í hverjum hópi. Hver hópur fær tvær kennslustundir á viku.

Í forskólanum fá nemendur alhliða tónlistarþjálfun með því að taka þátt í söng, blokkflautuleik (forskóli II), hreyfi- og hrynjálfun og markvissri hlustun. Frumatriði í tónfræði eru kennd í forskóla II. Ýmiss konar skapandi starf er snar þáttur í náminu. Forskólanámið byggir að verulegu leyti á tónlistarupplifun nemenda, sérstaklega í Forskóla I.

Fiðluforskóli

Sérstakur **fiðluforskóli** er starfræktur fyrir fimm til sjö ára börn með það að markmiði að gefa börnum á þessum aldri, sem eru enn ekki læs á nótur, tækifæri til að kynna fiðlunni, læra einföldustu lög eftir eyranu og grundvallartækni á hljóðfærið.

Kennt er tvisvar í viku; einkatími í um 30 mínútur og hóptími (tveir nemendur saman) þar sem hvert barn fær um 15 mínútna kennslu.

Þeir nemendur sem eru að hefja þriðja árið í fiðluforskóla (sjö ára) fá tvo 30 mínútna einkatíma í viku og geta þar að auki stundað hóptíma í forskóla II (2 x 50 mín. á viku) án aukakostnaðar.

Ef nemandi kys að hætta í fiðluforskólanum sex eða sjö ára gamall getur hann farið í venjulegan forskóla.

Þar sem nemendur í fiðluforskóla eru mjög ungir að árum má segja að nám þeirra standi eða falli með stuðningi og þátttöku foreldra. Því eru gerðar kröfur um að annað foreldrið mæti í tíma með barninu og að unnið sé með því heima.

Hljóðfæranám

Eftirfarandi upptalning sýnir á hvaða hljóðfæri er kennt við Tónmenntakólann:

Hljómborðshljóðfæri: píanó og harmónika

Strengjahljóðfæri: fiðla, lágfiðla, selló og gítar

Tréblásturshljóðfæri: þverflauta, klarinett, saxófónn og fagott

Málmblásturshljóðfæri: kornett, trompet, horn, básúna, barytón og túba

Ásláttarhljóðfæri: slagverk

Rafhljóðfæri: rafmagnsgítar og rafbassi (viðbótarhljóðfæri sem hálfur nemandi)

Á flest þessi hljóðfæri er hægt að hefja nám við átta ára aldur en það er þó ekki algild regla. Börn sem eru bráðþroska á þeim sviðum sem tónlistarnám hvílir einkum á geta byrjað hljóðfæranám við sjö ára aldur eða fyrr. Gagnvart börnum sem eru seinni til verður að gera kröfur samkvæmt þroska og getu.

Nemendur velja sér hljóðfæri til að læra á að forskóla loknum. Hljóðfærin eru kynnt rækilega á sérstökum tónleikum í lok forskóla II til að vekja nemendur til umhugsunar um valkosti og auðvelda þeim val fyrir næsta vetur.

Stundum er **nauðsynlegt að hafa aðdraganda** að námi á það hljóðfæri sem nemandi hefur valið sér. Kjósi hann t.d. að læra á fagott er nauðsynlegt að byrja að læra á annað hljóðfæri fyrst. Þegar nemandi er orðinn tíu eða ellefu ára gamall getur hann síðan hafið nám á óskahljóðfæri sitt.

Komið er til móts við óskir eldri nemenda um að **læra á fleiri en eitt hljóðfæri** ef þeir hafa náð það góðum tókum á því fyrsta að ekki þykir hætta á að það bitni á áhuga þeirra eða framförum (þetta á m.a. við um nám á rafhljóðfærin).

Óski nemandi eftir að skipta um hljóðfæri metur skólinn í samráði við foreldra hvernig við því skal brugðist.

Námið í forskólanum, sérstaklega í forskóla II og í 1. bekk, þegar hljóðfæranám hefst, er eins konar reynslutími. Fyrir kemur að nemendur gefast upp eftir nám í þessum bekkjum og liggja að sjálfsgöðu til þess ýmsar ástæður. Með samráði milli kennara, skólastjóra og forráðamanna barnsins er metið hvað muni henta því best; að hætta, skipta um, endurtaka bekk, skipta um hljóðfæri eða annað.

Kennt er á hljóðfæri í einkatímum; yngri nemendur mæta tvisvar í viku, 30 mínútur í senn, en eldri nemendur geta fengið klukkutíma kennslu einu sinni í viku. Námsefni og áfangapróf (stigspróf) taka mið af þeim hljóðfæranámskrám sem til eru. Kennari metur hvenær nemandi er fær um að taka stigspróf eða áfangapróf.

Allir hljóðfæranemendur koma fram á reglulegum tónleikum í skólanum a.m.k. tvisvar á ári. (Sjá nánar um tónleika á bls. 22, sjá ennfremur um hljóðfærakennslu á bls. 18.)

Hóptímar

Eftir að forskóla lýkur sækja nemendur hóptíma samhliða hljóðfæranáminu. Kennslan er fjölbreytt og í beinu framhaldi af náminu í forskólanum. Leitast er við að samþætta tónfræði, tónheyrn, hlustun, greiningu og skapandi starf.

Eins og áður segir þarf nemandi að öðru jöfnu að hafa lokið Grunnprófi á hljóðfæri og í tónfræði, miðað við núverandi áfangaprófakerfi, til að komast í framhaldsdeildir skólans. Í framhaldsdeildum er unnið áfram að tónfræði og farið í undirstöðuatriði hljómfræðinnar. Einnig er töluvert hlustað á tónlist, hún formgreind og farið í tónlistarsöguleg atriði. (Þetta á

við um sjöunda og áttunda bekk skólans.) Í áttunda bekk er sú nýbreytni að 2 eða fleiri kennarar kenna tónsmíðar, hlustun, greiningu, formfræði tónlistarsögu o.fl. yfir veturinn. Lögð er áhersla á skapandi starf og nemendur skila af sér ýmsum léttum tónsmíðaverkefnum.

Skapandi starf

Í aðalnámskrá tónlistarskóla segir undir sköpun eigin tónlistar m.a. (bls. 15).

Nemendur:

- læri og þjálfist í að setja fram eigin tónhugmyndir bæði skriflega og leiknar af fingrum fram
 - læri og þjálfist í að setja saman hefðbundnar eða óhefðbundnar tónsmíðar
 - læri og þjálfist í að spinna út frá gefni upphafi, hljómfæri eða öðrum aðferðum
- Auk þess er fjallað um skapandi starf í aðalnámskránni á bls. 27.

Tónmenntaskólinn reynir að sinna þessu skapandi starfi á eftirfarandi hátt:

1. Í allri kennslu í Tónmenntaskólanum er skapandi starf hluti af náminu. Það byrjar í forskóla og endar í 8. bekk skólans. Skapandi starf á sér oft stað í smá- hópum innan bekkjarheildarinnar og í hljóðfæratímum. Verkefnið getur t.d. verið að semja litla tónsmíð, hljóðsetja og “dramatisera“ sögu eða atburð, semja tónverk í tilteknu formi, með spuna á hljóðfæri eða með enn öðrum hætti.
2. Skólinn hefur í gegnum árin fengið til liðs við sig íslensk tónskáld til að semja verk fyrir nemendur skólans (t.d. hljómsveitirnar) eða með því að vinna beint með nemendum að sameiginlegum verkefnum. Reynslan af þessari samvinnu er mjög góð og ætlar skólinn að halda áfram þessu samstarfi við íslensk tónskáld.
3. Kennarar sinna ýmsu skapandi starfi í hljóðfæratímum (einkatímum).

Samspil

Ýmiss konar samspil er snar þáttur í námi við Tónmenntaskólann. Fimm hljómsveitir starfa reglulega við skólann auk smærri samspilshópa sem starfa óreglulega:

Blásarasveit I fyrir yngri nemendur

Blásarasveit II fyrir eldri nemendur

Strengjasveit I fyrir yngri nemendur

Strengjasveit II fyrir eldri nemendur

Stórsveit fyrir eldri nemendur

Nemendur fara í yngri blásara- og strengjasveitir í 2. bekk, þ.e.a.s., eftir að þeir hafa lært á hljóðfæri í 1 - 2 ár. Þeir færast í eldri sveitirnar eftir að hafa verið 3 – 4 ár í yngri sveitunum eða u.þ.b. ári áður en þeir taka **Grunnpróf** á hljóðfærið. Samt er þetta breytilegt milli nemenda og endanleg ákvörðun um tilfærslu frá yngri yfir í eldri sveitir háð mati

hljóðfærakennarans. Í stórsveitina veljast nemendur sem áhuga hafa á stórsveitartónlist (swing, jazz og fleiru).

Á það skal bent að bláساسveitirnar og stórsveitin eru reknar sameiginlega af Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og er tónleikahald þessara hljómsveita sameiginlegt tónleikahald skólanna.

Þátttaka í hljómsveitum skólans er skylda fyrir alla strengja- og bláSaranemendur og telst mikilvægur þáttur í náminu.

Markmiðin með hljómsveitarstarfi eru margþætt. Þau helstu eru að nemandinn:

- kynnist tónlist sem ekki er hægt að kynnast nema sem þátttakandi í hljómsveitarspili
- öðlist reynslu af að vinna undir stjórn hljómsveitarastjóra og læri þær tilskipanir og leiðbeiningar sem hljómsveitarstjóri notar
- læri að sýna tillitssemi við aðra og kynnist þeim samskiptareglum sem gilda í hljómsveitarspili
- læri að þekkja hlutverk síns hljóðfæris í hljómsveit og fái þjálfun í að stilla sig inn á styrk og hraða annarra
- öðlist reynslu af að koma fram í hljómsveit á tónleikum og meta þannig framlag sitt sem einstaklings til heildarinnar.

Fyrir utan hljómsveitasamspilið er leitast við að skipuleggja samspil af ýmsum toga. Má þar t.d. nefna samspil gítarnemenda og ýmiss konar kammermúsík fyrir mismunandi hljóðfærasamsetningar.

Hljómsveitarspil hjá strengjaleikurum og blásurum byrjar á haustin um tveimur vikum eftir að kennsla hefst og stendur þar til um tveimur vikum fyrir páska eða lengur eftir því hve snemma á árinu páskar eru. Hver samspilstími varir í um 90 - 120 mínútur með hléi. Hljómsveitirnar koma fram á árlegum vortónleikum skólans. Auk þess taka þær, eftir því sem hægt er, þátt í landsmótum skólalúðrasveita og strengjasveita, fara í tónleikaferðir og stöku sinnum í æfingabúðir.

5. Námsefni, náms- og kennsluáætlanir

Hópkennsla

Námsefni fyrir hópkennsluna frá forskóla til fjórða bekkjar (sex til ellefu ára nemendur) er samið af hópkennurum skólans og endurskoðað reglulega. Þetta námsefni er meðal annars hlustunarefni, skapandi verkefni, verkefni með tónfræðilegu ívafi og fræðsla um tónskáld og tónverk. Námsefnið telst vera kjarni, sem er sameiginlegur fyrir alla hópkennara skólans, þannig að ef nemandi skiptir um kennara milli ára þá hefur hann farið yfir sama kjarna og aðrir nemendur. Að öðru leyti er kennurum frjálst að nota það kennsluefni sem þeir sjálfir kjósa.

Frá og með fimmta bekk er námsefnið fyrir hóptímana sameiginlegt hvað varðar hlustun. Einnig er unnið að sameiginlegum tónfræða- og tónheyrnarverkefnum. Til viðbótar þessu kemur ítarefni hvers kennara.

Hvað tónfræði viðvíkur eru einföldustu grundvallaratriðin kennd í Forskóla II og einnig í 1. bekk.

Í öðrum bekk fá nemendur afhenta bókina *Tónfræði ásamt verkefnum, fyrri hluti* en þar er fjallað um tónfræðileg atriði. Auk þess er unnið að tónheyrnarverkefnum í hóptímunum. Nemendur ljúka við þessa bók á þremur námsárum og ljúka þá jafnframt samræmdum stigsprófum í tónfræði og tónheyrn (forstigi í 2. bekk, I. stigi í 3. bekk og II. stigi í 4. bekk). Í fimmta bekk fá nemendur bókina *Tónfræði ásamt verkefnum, seinni hluti* og ljúka henni á þremur árum. Jafnframt bæta þeir þá við sig þremur stigum í tónfræði, Grunnprófi (3. stig) í 5. bekk, gamla IV. stigi (Milliprófi) í 6. bekk og Miðprófi (5. stig) í 7. bekk. Ætlast er til að nemendur vinni tónfræðina í heimanámi, sérstaklega þegar ofar dregur og skili kennara þeirri vinnu til yfirferðar og leiðréttingar. Að sjálfsögðu eru tónfræðileg atriði oftast útskýrð og unnin fyrst í hóptímunum.

Þar sem töluverður munur getur verið á þroska og færni hliðstæðra námshópa þá kallar það á sveigjanlegar náms- og kennsluáætlanir. Hver kennari gerir sínar áætlanir fyrir hóptímana miðað við þann hóp sem hann er með hverju sinni. Í tónfræðakennslunni er þó reynt að víkja ekki frá áætluninni sem miðast við að nemandi taki eitt stig á ári frá 3. bekk og upp í 7. bekk, alls fimm stig. Tekið skal fram að enn hefur ekki verið gefin út samræmd námskrá í tónfræðagreinum á vegum menntamálaráðuneytisins en vonir standa til að bætt verði úr því innan skamms. Þegar samræmd námskrá í tónfræðagreinum liggur fyrir taka nemendur grunnpróf að öllum líkindum í 5. bekk og miðpróf í 7. bekk.

Hljóðfærakennsla

Í hljóðfærakennslunni, sem venjulega hefst eftir nám í Forskóla II eða við átta til níu ára aldur, styðjast kennarar við gildandi námskrár viðkomandi hljóðfæra. Þessar námskrár hafa verið gefnar út af menntamálaráðuneytinu. Gert er ráð fyrir því í aðalnámskrá tónlistarskóla að hljóðfæranámskrár verði endurskoðaðar reglulega.

Í hljóðfæranámskrám er námsefninu skipt í í þrjá prófáfanga, Grunnpróf, Miðpróf og Framhaldspróf. Í Tónmenntaskólanum ljúka nemendur að meðaltali fjórum (jafnvel fimm) hljóðfærastigum eða prófum eftir átta ára nám í hljóðfæraleik (þ.e. Forpróf, (sem er skólapróf sem gæti jafnvel verið tvískipt þ.e. Forpróf I og Forpróf II), Grunnpróf, sem er á vegum Prófanefndar, Millipróf sem er skólapróf og að lokum Miðpróf sem er á vegum Prófanefndar). Hljóðfærakennarinn semur einstaklingsbundna námsáætlun fyrir hvern nemanda, sem tekur mið af þroska hans, áhuga, vinnugleði og næmi. Töluverður munur getur verið á yfirferð nemenda, sumir vinna hraðar, aðrir hægar. Prófin eru tekin þegar nemandinn er að mati kennara tilbúinn til þess og hefur tileinkað sér hæfilegt námsefni úr

viðkomandi stigi samkvæmt hljóðfæranámskrá. **Grunnpróf** og **miðpróf** eru tekin skv. forskrift og reglum **Prófanefndar** og dæmd af utanaðkomandi prófdómurum. Skólinn hefur sín eigin **skólapróf** þar fyrir utan, **Forpróf** áður en Grunnpróf er tekið (jafnvel tvískipt í Forpróf I og Forpróf II) og Millipróf, sem lendir milli Grunnprófs og Miðprófs. Sem stendur er enn í endurskoðun hvort þetta fyrirkomulag um skólaprófin verði ofan á eða hvort gömlu stigsprófin verði notuð. Röðin yrði þá eftirfarandi: 1. stig – 2. stig – Grunnpróf – 4. stig – Miðpróf. Reynslan verður að skera úr um þetta.

6. Námskröfur – heimavinna

Hljóðfæranám byggir á heimavinnu nemandans, þ.e. á reglubundnum daglegum æfingum á hljóðfærið. Góðar æfingavenjur lærast smám saman eins og annað. Í þessu sambandi er stuðningur foreldra mjög mikilvægur, sérstaklega meðan nemendur eru ungir og óreyndir og hafa enn ekki tamið sér góð vinnubrögð. Stuðningur foreldra þarf alls ekki að vera fagmannlegur; aðalatriðið er að foreldrar sýni áhuga á heimavinnu barnsins, séu jákvæðir og hvetjandi og beiti svolitlu aðhaldi með því að minna á æfingarnar og halda barninu við efnið. Þegar daglegar æfingar nemandans eru orðnar að vana, t.d. hjá eldri nemendum, þarf minna aðhald. Jákvæður áhugi og forvitni foreldra er þó alltaf af hinu góða. **Skólinn sendir foreldrum bréf á haustin um það hvernig þeir geta helst stutt við heimavinnu barna sinna.**

Erfitt er að tiltaka ákveðinn tíma sem nemendur ættu að verja til heimaæfinga á hljóðfærið; þjálfun og nám tekur nemendur misjafnlega langan tíma. Þó má segja sem reglu, að daglegur æfingatími átta ára byrjanda ætti ekki að vera skemmri en 30 mínútur (e.t.v. tvískiptur, 2 x 15 mínútur). Þetta getur þó verið misjafnt eftir hljóðfærum; nemandi á málmblásturshljóðfæri þolir t.d. ekki langan samfelldan æfingatíma. **Um öll þessi atriði eru foreldrar upplýstir með bréfi frá hljóðfærakennaranum á haustin.**

Eins og áður segir byggja framfarir í hljóðfæraleik á reglubundinni þjálfun heima fyrir. Mikilvægt er að foreldrar skapi börnum sínum viðunandi aðstöðu til þess að heimanám þeirra geti gengið ótruflað fyrir sig.

Hvað varðar heimanám fyrir hóptímana þá er tæplega um það að ræða fyrr en eftir 1. bekk (eftir átta til níu ára aldur). Fram að því er flest það er lýtur að tónfræði unnið í sjálfum kennslustundunum. Undantekning er þó nám á blokkflautu í Forskóla II; nemendur verða að æfa löggin sín heima af samviskusemi. Frá og með 2. bekk (annað hljóðfæraár) er eilítil heimavinna í tónfræði en kröfurnar eru mjög hógværar. Þegar ofar dregur í aldri aukast kröfurnar í heimanáminu, en samt má segja að þær séu aldrei mjög miklar heldur frekar hógværar. Mikilvægt er þó að nemendur temji sér góð vinnubrögð í þessu efni eins og í hljóðfæranáminu, þ.e. að vinna heimaverkefni vel og samviskusamlega og draga ekki fram á síðustu stundu að gera þeim skil.

Hópkennarinn tekur tónfræðabækur nemenda sinna tvisvar til þrisvar sinnum yfir veturinn og leiðréttir það sem leiðréttja þarf. Nemendur eru þá oft beðnir um að læra tiltekið námsefni betur og að ljúka við verkefni sem þeir hafa sleppt úr. Hópkennurum er gert að ganga eftir því að nemendur vinni vel og samvisskusamlega þau verkefni sem þeir eiga að vinna.

Hljóðfærakennarar nemenda í 1. - 3. bekk afhenda nemendum sínum **vinnubækur í tónfræði**. Nemendur vinna þessar verkefnabækur undir handleiðslu hljóðfærakennarans. Sum verkefni eru unnin í heimavinnu en önnur í hljóðfæratímum. Markmiðið með þessari vinnu er að styrkja þekkingu og skilning nemandans í tónfræðilegu tilliti og vinna hljóðfæra- og hópkennarar sameiginlega að því markmiði.

7. Próf og námsmat

Mat í námi og kennslu er margslungið fyrirbæri. Það felst ekki aðeins í formlegum prófum heldur fer það ekkert síður fram með óformlegum hætti. Mat er heldur ekki framkvæmt eingöngu af kennurum eða prófdómurum heldur í rauninni af öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti koma að starfi skólans. Kennarar meta nemendur, nemendur meta kennara og kennsluna, foreldrar leggja mat á kennarana, kennsluna og skólann o.s.frv. Samkvæmt þessu er því mat grundvallaratriði og snar þáttur í öllu starfi skólans og í þeirri ímynd sem skólinn hefur, inn á við og út á við.

Erfitt er að skilja alveg milli formlegs og óformlegs mats því segja má að óformlegt mat fari alltaf fram, jafnvel í formlegustu prófum eins og t.d. stigsprófum og áfangaprófum. Mat sem fæst með stigsprófum og öðrum prófum, mat sem felst í vetrareinkunn, mat á vinnubókum og í vissum skilningi mat á frammistöðu nemenda á tónleikum, er formlegra en t.d. mat nemenda á kennurum, eða forráðamanna nemenda á skólanum almennt.

Almennt má segja að mat, formlegt jafnt sem óformlegt, sé nauðsynlegt fyrir aðstandendur nemenda þar sem þannig fást upplýsingar um nám barna og starfið í skólanum. Fyrir kennara og skólayfirvöld er mat einn af grundvallarþáttum skólastarfsins. Um námsmat eins og það snýr að nemendum segir í aðalnámskrá tónlistarskóla:

Megintilgangur námsmats er að bæta nám og kennslu. Í því felst ekki síst að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja (bls. 30).

Ennfremur segir í aðalnámskrá um tilgang námsmats:

Námsmat á meðal annars að veita nemendum, foreldrum / forráðamönnum þeirra og kennurum upplýsingar um námsgengi nemenda, einkum frammistöðu, framfarir, ástundun og sókn að settum markmiðum. Þá þarf námsmat að gefa vísbendingar um það hvort námsmarkmið hafi verið raunhæf og kennsluaðferðir við hæfi. Enn fremur er mikilvægt að af námsmati sé unnt að draga ályktanir um það hvort skólastarfið sé í samræmi við námskrár og yfirlýst markmið skólans (bls. 30).

Námsmat í Tónmenntaskólanum leitast við að fullnægja öllum þessum þáttum aðalnámskrár. Formlegri þættir námsmatsins felast meðal annars í **stigsprófum** og **áfangaprófum** og öðrum prófum, einnig **Miðsvetrarmati** og **Vormati** þar sem m.a. kemur fram umsögn kennara um ástundun og árangur. **Frammistaða nemenda á tónleikum** er ekki metin formlega en er eigi að síður þáttur í almennu mati á námi þeirra. Óformlegt mat fer stöðugt fram í samskiptum nemenda og kennara sem og í öðru starfi skólans.

Aðalnámskrá tónlistarskóla mælir fyrir um þrjá megin námsáfanga í tónlistarnámi: **Grunnpróf**, **miðpróf** og **framhaldspróf**. Próf úr 4. eða 5. bekk Tónmenntaskólans mun þannig samsvara grunnprófi en útskrift úr 7. eða 8. bekk skólans samsvarar miðprófi. Að frátöldum þessum áfangaprófum gefur aðalnámskrá tónlistarskólum sjálfðæmi um það hvernig þeir haga prófum og námsmati. Þar sem próf og undirbúningur fyrir þau hafa visst gildi í sjálfu sér mun Tónmenntaskólinn áfram halda sig við stigspróf milli áfangaprófa með svipuðum hætti og verið hefur. Er þar um að ræða **Forpróf** sem nemendur taka á undan Grunnprófi t.d. í lok 2. eða 3. námsárs, og **Millipróf** sem tekið er milli Grunn- og Miðprófs, t.d. í 5. eða 6. bekk. Hins vegar eru ekki haldin miðsvetrar- eða vorpróf. Eins og getið var um hér að framan er hugsanlegt að gömlu stigsprófin verði notuð sem millistig milli áfangaprófa (skólapróf). Reynsla næstu ára mun skera úr um það hvort kerfið verði ofan á.

Greinanámskrár, þar sem þær eru til, mæla fyrir um yfirferð og skilgreina aðrar þær kröfur sem gerðar eru til kunnáttu og færni fyrir hvert hljóðfærastig. Í greinum sem enn hafa ekki fengið endanlega námskrá eins og í tónfræðagreinum er tekið mið af þeim námskrám sem til eru eða þeim námsáföngum sem skólinn hefur skilgreint fyrir sig, t.d. hvað varðar nám í hóptímum. Reiknað er samt með því að samræmd námskrá í tónfræðagreinum á vegum menntamálaráðuneytisins mun sjá dagsins ljós seint á árinu 2005 eða í síðasta lagi 2006.

Hljóðfæranám

Auk þess að taka þátt í tónleikum og samspili, sem hvort tveggja er metið óformlega, gangast nemendur í hljóðfæraleik undir **formlegt stigspróf** (eða áfangapróf) þegar þeir hafa að mati kennara tileinkað sér þá þekkingu og færni sem krafist er í hljóðfæranámskrá viðkomandi hljóðfæris. Það er misjafnt hversu fljótt nemendur geta tekið stigspróf eða áfangapróf. Almennt séð má þó segja að á neðri stigum geti nemandi tekið eitt stig annað hvert ár, miðað

við gamla stigsprófskerfið, en á efri stigum tekur yfirleitt lengri tíma að ná tókum á hverju stigi. Þetta er þó mjög misjafnt eftir hljóðfærum og einstaklingum.

Formleg hljóðfærastigspróf og áfangapróf fara fram á ýmsum tímum skólaársins: Í febrúar á sérstökum prófdögum, á vorin í maí og að auki á ýmsum tímum þegar þurfa þykir og nemendur eru tilbúnir. Í hljóðfæraleik miðast einkunnir og kröfur við það stig sem nemandi er að vinna að.

Vitnisburður fyrir stigspróf og áfangapróf er gefinn í tölum sem þýddar eru í orð (ágætt, mjög gott, gott, o.s.frv. í innanhúsprófum). Í samræmi við aðalnámskrá er notaður 100 punkta kvarði með lágmarkseinkunn 60 auk skriflegrar umsagnar prófdómara.

Utanaðkomandi prófdómari sem Prófanefnd útvegar er ávallt fenginn til að dæma áfangapróf í Tónmenntaskólanum þegar um er að ræða Grunnpróf eða Miðpróf. Skólinn útvegar sjálfur prófdómara fyrir Forpróf og Millipróf. Það skal tekið fram að kostnaður vegna prófdómara sem er töluverður greiðist af skólanum.

Hóptímar

Nám í hóptímum er einnig metið á kvarðanum 60 til 100 (eða 6 til 10). Þó eru yfirleitt notuð orð til að skilgreina námsárangur, en orðin miðuð við fyrrnefndan kvarða. Metin er **ástundun** og **árangur**.

Með **ástundun** er annars vegar átt við **heimavinnu** og hins vegar **þátttöku**. Í **heimavinnu** er metið hvernig nemandi stundar ýmis heimaverkefni (frá og með 2. bekk) og hvernig hann vinnur vinnubók sína í tónfræðum sem kennarinn fer yfir tvisvar til þrisvar sinnum yfir veturinn. Í **þátttöku** er metinn áhugi, einbeiting, frumkvæði, sjálfstæði og samvinna.

Árangur er einnig tvíþættur. Annars vegar felst hann í **næmi** sem samanstendur af tónheyrn, hrynskyni, blæskyni, formskyni og minni; hins vegar er metin færni í **hreyfingu**, **hljóðfæraleik** (á skólahljóðfæri, flautu og önnur hljóðfæri) og **tjáningu** (söng og orðræðu). Fylgst er náið með **skólasókn**, hún skráð á vitnisburðarblaðið, en ekki er gefin sérstök einkunn fyrir hana.

Nánari skilgreining er til á öllum þessum þáttum óski nemandi eða forráðamenn hans að kynna sér matið nánar. (Sjá einnig í viðauka bls. 34.)

Tónleikar og samspil

Á hverjum vetri eru haldnir um 25 tónleikar á vegum Tónmenntaskólans. Þó þessir viðburðir séu ekki metnir formlega má þarna heyra og sjá og þannig meta, vinnu og færni einstakra nemenda, sem og framfarir þeirra miðað við fyrri tónleika. Stefnt er að því að hver nemandi komi fram á tónleikum minnst tvisvar á vetri.

Sama gildir um samspilstónleika; þar má meta árangur í starfi hljómsveita og annarra samspilshópa.

Skipulagðir tónleikar á vegum skólans eru sem hér segir:

Kammertónleikar á fyrra misseri, þar sem flutt er tónlist sem samspilshópar hafa æft undir handleiðslu ýmissa kennara.

Aðventutónleikar sem haldnir eru í byrjun jólaföstu. Þar koma fram allir nemendur skólans sem læra á hljóðfæri; yfirleitt sameinast nemendur tveggja kennara um hverja tónleika.

Jólatónleikar í desember sem eru venjulega haldnir í kirkju.

Forskólatónleikar sem haldnir eru í febrúar fyrir hvern nemendahóp í Forskóla II. Á þessum tónleikum flytja nemendur yfirleitt tónverk sem þeir hafa sjálfir samið. Auk þess eru öll hljóðfæri sem kennt er á í skólanum kynnt af eldri nemendum. Það er gert í þeim tilgangi að auðvelda nemendum val á hljóðfæri til að læra á að forskóla loknum.

Tematónleikar á seinna misseri. Fyrir þessa tónleika er valið ákveðið stef eða tema sem allir sameinast um. (Dæmi: Tónlist eftir Mozart, íslensk tónlist eða danstónlist.)

Blandaðir tónleikar dreifast á mánuðina mars og apríl. Þar er ýmsum hljóðfærum blandað á efnisskrá til að tryggja fjölbreytni. Allir nemendur skólans koma fram á þessum tónleikum.

Samspil nemenda á efri stigum fer stundum fram á síðara misseri og er það aðskilið eftir hljóðfærum; sér fyrir píanónemendur, blásara og strengjaleikara. Yfirleitt eru það nemendur í efri stigum sem koma fram. Þetta samspil er eingöngu ætlað nemendum og kennurum.

Opinberir hljómsveitartónleikar eru haldnir í Háskólabíói tveimur vikum fyrir páska (á laugardegi) eða síðar. Þar koma fram allar sveitir skólans, yngri og eldri blásarasveit, yngri og eldri strengjasveit og stórsveitin. Blásarasveitirnar eru starfræktar í samvinnu við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

Vortónleikar eru haldnir í Tónmenntaskólanum mánaðarmótin apríl – maí. Oft er um tvö tónleika að ræða.

Opinberir vortónleikar skólans eru haldnir í byrjun maí í Íslensku óperunni. Þar koma fram yngri og eldri nemendur í einleik og samspili og er fjölbreytni höfð að leiðarljósi. Tónleikaatriðin eru síuð úr vortónleikunum sem haldnir voru í skólanum viku áður.

Vormat

Á vorin fá nemendur vitnisburð um árangur vetrarins á þar til gerðu eyðublaði í formi talna (stigspróf), orða (ágætt, mjög gott, gott, o.s.frv.) og skriflegra umsagna. Árangur á stigsprófi segir aðeins óbeint til um atriði eins og ástundun og árangur. Þessi atriði eru því sérstaklega metin sem hluti af **vetrareinkunn**. Vormat ásamt öðrum upplýsingum er sent í pósti til aðstandenda nemenda um mánaðamótin maí / júní. (Sjá nánar í viðauka bls. 49.)

Skólaslit eru í lok maí að lokinni kennslu, prófum og starfsdögum kennara. Skólaslitin eru einungis ætluð nemendum sem útskrifast og aðstandendum þeirra. Þetta á við nemendur sem útskrifast úr 6. bekk og úr framhaldsdeildum, þ.e. 7. og 8. bekk.

8. Námsumhverfi

Húsnæði

Í aðalnámskrá tónlistarskóla er stuttur kafli um æskilegt námsumhverfi í tónlistarskólum (bls. 57) og í viðauka eru ábendingar um húsnæði, búnað og tæki (bls. 68 - 72). Tónmenntaskólinn stendur nokkuð vel hvað þetta varðar og má segja að miðað við núverandi nemendafjölda sé húsnæði skólans mjög gott.

Í aðalbyggingunni, Lindargötu 51 eru tíu kennslustofur, þar af meðalstór salur í risi. Í aðalbyggingunni er einnig skrifstofa skólans, íbúð húsvardar, bókasafn og nótna- og hljóðritasafn auk vinnuástöðu kennara.

Á baklóð aðalbyggingar eru fimm kennslustofur í tveimur húsum, þar af séraðstaða fyrir slagverkskennslu og málmblástur. Á Lindargötu 48 eru átta kennslustofur auk rúmgóðs salar til hljómsveitaæfinga og tónleikahalds. Þennan sal nýta Tónmenntaskólinn og Lúðrasveitin Svanur sameiginlega.

Samtals hefur því skólinn til umráða 24 kennslustofur; þar af eru tveir salir, einn meðalstór og annar stór.

Biðaðstaða er fyrir nemendur í öllum húsum skólans; í aðalbyggingu er sér biðstofa með lestrarefni fyrir nemendur á öllum aldri, á Lindargötu 48 bíða nemendur í rúmgóðri forstofu.

Bílastæði eru næg á lóð skólans og séð er til þess að lóðin sé mokuð og sandborin þegar þess gerist þörf.

Tæki og búnaður

Þó alltaf megi bæta tæki og búnað má segja að einnig hér sé Tónmenntaskólinn nokkuð vel settur. Skólinn hefur í gegnum árin komið sér upp nótna-, hljóðrita- og bókasafni til afnota fyrir kennara. Skólinn er áskrifandi að nokkrum erlendum fagtímaritum um tónlist og tónlistarkennslu, en að öðru leyti er keypt í safnið eftir ábendingum kennara.

Öll hljóðfæri sem kennt er á í Tónmenntaskólanum, nema píanó og blokkflautur geta nemendur fengið leigð. (Sjá nánar bls. 28, lið 3.)

Píanó eða flyglar eru í öllum kennslustofum skólans og allar hópkenntustofur eru með hljómflutningstækjum (plötuspilara, geislaspilara og segulbandi). Til eru tveir “flakkarar“ (hreyfanlegt tæki með innbyggðu segulbandi og geislaspilara) sem kennarar geta notað í öðrum stofum.

Vinnuástaða kennara er sæmileg. Þeir hafa aðgang að tveimur herbergjum með tölvum, prenturum, ljósritunarvélum, Internet-tengingu og öðru því sem gagnast má til námsefnisgerðar eða annarrar vinnu.

9. Samvinna við foreldra

Tónmenntaskólinn óskar samstarfs við foreldra nemenda, svo að skólanum takist sem best að ná þeim markmiðum sem hann keppir að í starfi sínu. Til að samvinna við foreldra verði sem best gerir skólinn eftirfarandi ráðstafanir:

Tvö fréttu- og upplýsingabréf á ári eru send í pósti til foreldra. Þar er að finna ýmsar upplýsingar og dagsetningar sem eru breytilegar frá ári til árs og eiga því ekki heima í skólanámskrá. Hér er t.d. átt við dagsetningar varðandi skólárið, frídaga, upplýsingar um tónleika, viðtalstíma kennara, bréf vegna heimavinnu nemenda og fleira. Foreldrar eru beðnir um að geyma þessi bréf á vísu stað. Auk þess eru foreldrum send bréf um ýmis málefni sem varðar skólann svo og bréf vegna tónleika, innritunar að vori og um upphaf skólaársins að hausti.

Hópkennarar Tónmenntaskólans hafa viðtalstíma sem foreldrar eru beðnir um að notfæra sér, sérstaklega ef þeim finnst einhver vandamál steðja að og námið ekki ganga nógu vel eða ef vart verður við námsleiða. Ef brugðist er nógu hratt við, má oft leysa slík mál áður en þau verða að raunverulegum vandamálum; en að sjálfsögðu geta foreldrar haft samband við hópkennara til að fá fréttir af námi barnsins og hvernig því vegnar. Ef foreldrar vilja hafa samband við hljóðfærakennara eru þeir beðnir um að hringja á skrifstofutíma. Ritari tekur þá að sér að koma skilaboðum til viðkomandi hljóðfærakennara og mun hljóðfærakennarinn þá hringja við fyrsta tækifæri. **Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki í heimasíma kennara.** Viðtalstími skólastjóra fer eftir samkomulagi.

Foreldrum er boðið að koma í kennslustundir hjá hóp- og hljóðfærakennurum. Þetta á við um yngri nemendur, í forskóla og upp í annan bekk. Í forskóla er gert ráð fyrir að foreldrar komi í nóvember, og er foreldrum þriggja til fjögurra barna gjarnan boðið að koma í einu. Þeir fylgjast með í tímunum, taka jafnvel sjálfir þátt og hafa tíma til að ræða við kennarann að kennslustund lokinni. Foreldraheimsóknir í hóptíma 1. og 2. bekkjar eiga sér stað í janúar eða febrúar.

Foreldrum nemenda í 1. og 2. bekk er einnig boðið að heimsækja hljóðfærakennslustundir barna sinna, helst tvisvar á ári. Líkt og í hópkennslunni er það kennarinn sem hefur frumkvæðið og gefur hann foreldrum upp hvenær heimsóknartími getur orðið.

Burtséð frá þessum fáu skiptum sem **skólinn** óskar eftir heimsóknum frá foreldri er foreldrum að sjálfsögðu heimilt að sýna frumkvæði og heimsækja aftur eina til tvær kennslustundir yfir veturinn eða eftir nánara samkomulagi.

Foreldrum er gefinn kostur á að koma á tilteknar “opnar“ æfingar strengja- og blásarasveita. Á þessum æfingum má kynnst því hvernig unnið er með stóra hljóðfærahópa. Þetta er tilkynnt sérstaklega með bréfi sem sent er heim með nemendum.

Heimavinna er kynnt með sérstökum bréflegum upplýsingum frá hljóðfærakennurum til foreldra. Þar er fjallað um það hvernig foreldrar geta stutt við heimaæfingar á hljóðfærið. Mikilvægt er að foreldrar lesi þessi bréf vel og nýti sér þær upplýsingar sem þar er að finna. Hljóðfærakennarar nota einnig æfingardagbækur sem eru afhentar nemendum. Þar eru skráð verkefni sem verið er að vinna að í hverri viku, æfingatími o.fl. Skilaboð til foreldra eru einnig skráð í þessa bók.

Að lokum skal ítrekað að beint samband kennara og foreldra er æskilegt og ekki bara þegar eitthvað fer úrskeiðis eða einhverju er ábótavant.

10. Hagnýtar upplýsingar

Starfstími Tónmenntaskóla Reykjavíkur er frá byrjun september og fram í lok maí. Kennarar mæta til ýmissa starfa og vinnufunda í síðustu viku ágúst og innritun nemenda hefst strax og þeir hafa fengið stundaskrár sínar úr grunnskólanum í ágúst. Þá er stundatafla Tónmenntaskólans samin, en það er flókið verk sem tekur nokkurn tíma. Kennsla hefst svo á hljóðfæri fyrstu daga í september skv. bráðabirgðastundaskrá en hópkenndan og hljómsveitir hefja starfsemi sína um miðjan september skv. endanlegri stundaskrá.

Jólaleyfi, páskaleyfi og aðrir frídagar eru svipaðir og í grunnskólanum, þó hefst jólaleyfið að jafnaði tveim dögum fyrr vegna “litlu jólanna“ í grunnskólanum. Kennt er fram undir 20.maí og þá taka við próf, vinnudagar kennara, útskrift nemenda og skólaslit. Tónmenntaskólinn er með haustfrí og vetrarfrí og eru þessi frí samræmd við dagsetningar haust- og vetrarfrís sem grunnskólarnir eru með.

Starfsdagar kennara yfir skólaárið eru svipaðir og í grunnskólanum með einni undantekningu: Í febrúar á ári hverju getur hluti af reglulegri kennslu fallið niður í tvo daga. Þessa daga eru haldin **stigspróf** á hin ýmsu hljóðfæri. Eru þessir dagar auglýstir með góðum fyrirvara.

Nýir nemendur eru skráðir inn á vorin (eftir páska) og á haustin (í seinni hluta ágúst). Umsóknir fyrir eldri nemendum sem ætla að halda áfram námi verða að berast fyrir lok apríl eigi skólavist næsta vetur að vera tryggð. Umsóknareyðublaðið er sent út til foreldra í byrjun mars. Ekki er nóg að foreldrar sækji um skólavist nemenda fyrir lok apríl á þar til gerðum eyðublöðum sem skólinn sendir út í mars heldur verða foreldrar einnig að staðfesta umsóknir sínar hjá Rafrænni Reykjavík en það er kerfi sem Reykjavíkurborg hefur komið upp og nær til allra leikskóla- og grunnskólanemenda.

Vitnisburður með umsögn um námsárangur er sendur út í byrjun júní.

Skólagjöldum má skipta og greiðafyrri hlutann í október en seinni hlutann eftir áramót í janúar. Einnig má greiða með raðgreiðslum (Euro eða Visa) án aukakostnaðar og er hægt að dreifa greiðslum á allt að 7 mánuði. Upplýsingabréf um greiðslu skólagjalda og innritunardaga er sent út í lok ágúst til þeirra sem hafa sótt um skólavist fyrir börn sín fyrir næsta skólaár.

Ef fleiri en eitt barn úr sömu fjölskyldu sækir skólann er veittur systkinaafsláttur. Afslátturinn er 15% af heildarupphæðinni fyrir tvö börn en 25% fyrir þrjú börn.

Hafi skólagjald verið greitt að fullu og nemandi hættir námi um áramót af einhverjum orsökum, **endurgreiðir skólinn hálf gjaldið**. Hætti nemandi af einhverjum orsökum námi á tímabilinu september til febrúar og hafi skólagjald verið greitt fyrir allt skólaárið eða fyrir lengra tímabil en nemur námstíma nemanda, endurgreiðir skólinn skólagjaldið í hlutfalli við það. Stundum er það matsatriði hvort eigi að endurgreiða skólagjald eða hluta þess og verður þá að skoða þau dæmi sérstaklega. Það á sérstaklega við ef nemandi hættir námi af einhverjum ástæðum seint á skólaárinu.

Til að forðast allan misskilning skal tekið fram að skólagjöld eru ekki fyrir launakostnaði (sem greiðist af Reykjavíkurborg) heldur fyrir öllum öðrum rekstrarkostnaði, s.s. skrifstofuhaldi, ræstingu, húsaleigukostnaði, viðhaldi húsnæðis, orku, hljóðfæra- og tækjakaupum, efnisgjaldi og fleiru sem of langt mál væri að telja upp hér.

Efnisgjald vegna ljósrita, nótnapappírs, námsefnisbóka fyrir hóptíma, tónfræðabóka, blokkflautu (í forskóla), möppum og annarra gagna sem nemandi fær fyrir hóptíma og hljóðfæratíma er innifalið í skólagjaldinu.

Nótnabækur vegna hljóðfæranáms eru ekki innifaldar í skólagjaldinu. Foreldrar verða að gera ráð fyrir kostnaði á hverju ári vegna nótnakaupa handa þeim börnum sem læra á hljóðfæri, enda er það markmið að nemendur eignist dálítið nótnasafn þegar frá líður. Tekið skal fram að ljósritun á nótum er óheimil.

Hljóðfæri (önnur en píanó og blokkflautur) eru leigð út til byrjenda þar til ljóst er að nemandinn haldi áfram námi og tímabært þykir að hann eignist eigið hljóðfæri. Foreldrar greiða leigugjald og skrifa undir lánssamning þar sem kveðið er á um ábyrgð á hljóðfærinu.

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 12:30 – 17:00 alla virka dag nema laugardaga. Ritari annast meðal annars símavörslu, tekur við skilaboðum (t.d. um veikindi nemenda) og kemur þeim áleiðis og veitir auk þess allar almennar upplýsingar um skólann.

Skólinn er opnaður kl. 12:30 í hádeginu og er opinn fram yfir kl. 19 þegar kennslu lýkur og ræsting hefst.

Starfslið: Við skólann starfa alls 35 - 40 kennarar, flestir í hlutastörfum auk skólastjóra. Auk þess ritari, ræstingafólk og húsverðir sem búa í lítilli íbúð á efri hæð hússins.

Eins og áður sagði eru **hópkennarar** (bekkjakennarar) með fasta viðtalstíma sem auglýstir eru á haustin. Viðtalstími skólastjóra er eftir samkomulagi.

11. Skólareglur

- 1. Nemendum ber að mæta stundvíslega í kennslustundir sínar, hóptíma, hljóðfæratíma sem og hljómsveitartíma. Fjarvistir og ástæður fyrir þeim skulu tilkynntar á skrifstofutíma samdægurs.**

Röksemdir fyrir stundvísi og góðri tímasókn eru þær, að nemandi sem mætir illa getur misst samhengið í náminu, á erfiðara með að fylgjast með og gæti að síðustu gefist upp í náminu. Einnig kemur stopul tímasókn í veg fyrir eðlilegar framfarir í hljóðfæraleik og um leið dvínar áhuginn. Þetta er margreyndur sannleikur.

Skólinn gefur ekki leyfi úr kennslustundum ef ástæður sem gefnar eru upp þykja veigalittar. Ef óskað er leyfis úr kennslustundum skal biðja um það með góðum fyrirvara og eru þá ástæður metnar af kennara hverju sinni.

Ef tímasókn er mjög slæm og fjarvistir samtals orðnar um eða yfir 30% miðað við tiltekið tímabil (t.d. önn) áskilur skólinn sér rétt til að láta nemandann hætta námi að undangenginni viðvörun.

- 2. Ef kennari veikist og tími fellur niður er alltaf reynt að ná sambandi við heimili nemenda (eða vinnustað foreldra) til að koma í veg fyrir óþarfa ferð nemandans. Í flestum tilfellum tekst þetta en þó getur orðið misbrestur á því að það náist í foreldra (eða börn) í síma.**

Ef kennari er veikur í tvo tíma eða lengur er **reynt** að útvega forfallakennara. Á það skal hins vegar bent að kennarar eins og aðrir launþegar hafa sinn veikindarétt.

Það skal skýrt tekið fram að skólinn endurgreiðir ekki hlutfallslega af skólagjaldi vegna kennslustunda sem falla niður vegna veikinda kennara. Skólanum er heldur ekki skylt að bæta upp tímatap vegna veikinda nemanda.

- 3. Foreldrar sem hafa á leigu hljóðfæri hjá Tónmenntaskólanum vegna barna sinna gera leigusamning við skólann.** Athygli er vakin á því að hljóðfærin eru ekki tryggð af skólans hálfu. (Sjá nánar í hljóðfæraleigusamningi.) Aðstandendum ber að sjá til þess að nemendur fari vel með hljóðfærið heima og láti það alltaf í kassann þegar æfingum er lokið. Geymið hljóðfærið þar sem aðrir hafa ekki aðgang að því.

Þegar nemandi hefur lært í nokkur ár á hljóðfæri (t.d. 3 - 4 ár) og sýnt er að hann sé líklegur til að halda sínu striki er eðlilegt að hann eignist eigið hljóðfæri. Aðrir nemendur geta þá notið leiguhljóðfærisins. Þetta er þó samkomulagsatriði.

4. Brýnið fyrir börnum ykkar að sýna fyllstu aðgát vegna bílaumferðar. Í

Tónmenntaskólanum er kennt í fjórum aðskildum húsum: Lindargötu 51 (aðalhúsinu), Lindargötu 48 (bogahúsinu) og í tveimur bakhúsum á lóð skólans. Oft þurfa nemendur að skreppa milli húsa, t.d. til að fara úr hóptíma í hljóðfæratíma. Þá þurfa þeir stundum að fara yfir Frakkastíginn og Lindargötuna.

5. Sú venja ríkir að nemendur fara úr skóm við inngang kennsluhúsa. (Niðri í kjallara í aðalhúsinu.) Yfirhafnir skulu hengdar á snaga. Gott er að merkja yfirhafnir og skófátnað. Það skal tekið fram að skólinn er ekki tryggður fyrir því ef fatnaði eða skóm er stolið.

Brýnið fyrir börnum að geyma aldrei verðmæti s.s. peninga eða strætómiða í vösum yfirhafna. Skólinn heldur til haga óskilamunum (húfum, vettlingum og fleiru) svo og bókum og nótum sem nemendur hafa gleymt. Skrifstofan gefur upplýsingar um óskilamuni.

6. Í öllum kennsluhúsum Tónmenntaskólans er biðaðstaða fyrir nemendur; í aðalhúsinu er sérstök biðstofa. Á biðstofum er lestrarefni til að skoða og lesa fyrir nemendur á öllum aldri. Ætlast er til að nemendur gangi vel um biðaðstöðuna og skili bókum aftur í hillu að lokinni notkun.

Komið hefur fyrir að nemendur í Tónmenntaskólanum komi með vini sína með sér (einn eða fleiri) og láti þá bíða eftir sér á meðan þeir eru í kennslustund. Þetta getur valdið óróa og óþarfa umgangi og er ekki æskilegt. Undantekning er þegar eldri systkini eða frændsystkini fylgja yngri nemendum (t.d. forskólanemendum) í skólann.

7. Ætli nemandi að koma fram utan skólans (t.d. á skólaskemmtunum) ætti hann að láta kennara sinn vita með góðum fyrirvara. Þessi regla skal í heiðri höfð, ekki vegna þess að Tónmenntaskólinn vilji koma í veg fyrir spilamennsku nemandans, þvert á móti, heldur eingöngu til þess að kennarinn geti fylgst með ferli nemanda síns og tryggt að það sem hann spilar annars staðar sé vel æft og frambærilegt.

8. Komið hafa upp hegðunaryndkvæði með einstaka nemendur, aðallega í hóptímum og hljómsveitartímum. Skólinn áskilur sér rétt til að taka á slíkum málum í góðri samvinnu við foreldra.

9. Þegar óveður geisar í borginni (stórhrið, mikið hvassviðri) er oft hringt og spurt hvort kennsla falli niður. Tónmenntaskólinn heldur sig við sömu reglur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur hefur sett sér; **að skólahald falli ekki niður**, en foreldrum sé í sjálfsveld sett hvort þeir sendi börn sín í skólann eða ekki.

10. Foreldrar sem aka börnum sínum í skólann eru beðnir að aka varlega um

lóð skólans. Ábendingar um akstur eru gefnar með umferðarmerkjum (örvum á malbiki og skiltum). **Akið hægt og varlega.**

Það eru eindregin tilmæli að bílar sem bíða séu ekki í lausagangi svo að mengun berist ekki inn í kennslustofur. Einnig er mælt til þess að bíflautan sé ekki notuð.

11. Tónmenntaskóli Reykjavíkur er reyklaus vinnustaður.

Algert reykingabann ríkir í öllum húsakynum skólans að meðtöldum vistarverum kennara og húsvarðar svo og á skólalóð.

12. Notkun GSM síma í skólanum er óheimil

12. Óvæntar upptækur

Fyrir utan hefðbundið skólahald eru alltaf einhverjar óvenjulegar upptækur af ýmsum toga á hverju skólaári. Hljómsveitir fara í **ferðalög**, t.d. hafa blásarasveitir skólans eða a.m.k. önnur þeirra farið á landsmót skólalúðrasveita sem haldið er annað hvert ár. Stórsveitin hefur líka lagt land undir fót og sömuleiðis hafa strengjasveitir tekið þátt í mótum. Stundum er farið í æfingabúðir fyrir tónleika.

Atvinnumenn í tónlist hafa haldið **námskeið** fyrir nemendur og unnið með þeim að ýmsum verkefnum.

Stundum koma **þekktir tónlistarmenn** í heimsókn og halda “master-class“ fyrir lengra komna nemendur í hljóðfæraleik. Einnig hafa erlendir hópar hljóðfæraleikara heimsótt skólann og boðið upp á skemmtilegar upptækur.

13. Nemendur – fjöldi, aldur og dreifing

Eins og áður segir er Tónmenntaskóli Reykjavíkur einkum ætlaður nemendum á grunnskólaaldri. Nemendafjöldi var lengi vel frá 450 - 500 á ári. Hin síðari ár hefur skólinn þó séð sig knúinn til að minnka nemendafjöldann mjög mikið vegna einsetningar grunnskólans. Er nú svo komið að nemendafjöldi í skólanum er 230 – 250. Alltaf hafa einhverjir eldri nemendur sem koma annars staðar frá verið teknir beint inn í skólann án þess að fara fyrst í forskólann. Þeir fara þá beint inn í þá bekkir sem henta þeim hvað aldur varðar og fá stundum aukakennslu í tónfræði til að standa jafnt að vígi og nemendur sem hafa farið í gegnum kerfi Tónmenntaskólans frá upphafi.

Hlutfall nemenda sem útskrifast hafa yfir 10 ára tímabil (1993 - 2003):

- úr 6. bekk (almennum deildum skólans): 15%
- úr 7. bekk (fyrrri bekk framhaldsdeildar): 20%
- úr 8. bekk (síðari bekk framhaldsdeildar): 100%

Margir nemendur sem útskrifast úr 7. og 8. bekk halda áfram námi, flestir í Tónlistarskólanum í Reykjavík en einnig í öðrum skólum. Margir fyrrverandi nemendur skólans eru atvinnu-hljóðfæraleikarar í Sinfóníuhljómsveit Íslands eða þekktir tónlistarmenn.

Skipting nemenda eftir kynferði yfir 10 ára tímabil (1993 - 2003):

Stúlkur 59% Piltar 41%

Ef litið er á skiptingu kynja milli einstakra hljóðfæraflokka eru niðurstöður eftirfarandi miðað við tímabilið 1993 - 2003:

	Stúlkur	Piltar
Píanó	69%	31%
Strengjahljóðfæri	64%	36%
Tréblásturshljóðfæri	53%	47%
Málmblasturshljóðfæri	10%	90%
Slagverkshljóðfæri	0%	100%

14. Forsaga og þróun

Frá stríðslokum höfðu verið starfandi barnadeildir eða undirbúningsdeildir fyrir börn í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Frumkvæði að stofnun þessara barnadeilda hafði dr. Heinz Edelstein en hann hafði verið ráðinn sem sellókenari og kennari í kammermúsík að skólanum haustið 1938, auk þess að vera ráðinn sellóleikari við nýstofnaða Hljómsveit Reykjavíkur.

Barnadeildirnar í Tónlistarskólanum uxu jafnt og þétt næstu árin og starfsemin varð æ umfangsmeiri. Um 1950 fór Heinz Edelstein að huga að nýjum ramma eða skipulagsgrundvelli fyrir þessa starfsemi. Í júní 1951 lagði hann “Tillögur um alþýðlegan músíkskóla“ fyrir fræðslumálastjóra. Þessar tillögur hlutu góðan hljómgrunn og voru samþykktar af fræðslumálastjórn. Ragnar Jónson forstjóri og menningarfrömuður sýndi þessu máli mikinn

áhuga og styrkti Heinz Edelstein til námsdvalar í Þýskalandi veturinn 1951 - 52 í þeim tilgangi að hann kynnti sér það sem efst var á baugi þar í tónlistaruppeldismálum.

Haustið 1952 var skólinn formlega stofnaður og hlaut nafnið Barnamúsíkskólinn. Í skólaráði voru dr. Páll Ísólffsson skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, Ragnar Jónsson forstjóri, dr. Róbert Abraham Ottósson hljómsveitarstjóri og Ingólfur Guðbrandsson kórstjóri. Skólinn tók til starfa í september 1952.

Dr. Heinz Edelstein var skólastjóri frá stofnun skólans til vors 1956. Eftirmaður hans Ingólfur Guðbrandsson stýrði skólanum veturinn 1956 - 57 en þá tók dr. Róbert Abraham Ottósson við stjórn skólans til vorsins 1961. Veturinn 1961 - 62 veitti Jón G. Þórarinsson skólanum forstöðu en frá hausti 1962 hefur Stefán Edelstein verið skólastjóri skólans.

Í upphafi voru aðeins tveir kennarar við skólann, Heinz Edelstein og Róbert Abraham Ottósson. Sinntu þeir allri kennslu við skólann fram til vorsins 1955. Smám saman bættust við fleiri kennarar eftir því sem skólinn dafnaði og nemendum fjölgaði.

Á fyrstu árum skólans voru kennsluáætlanir þannig að nemendum var kennt í hópum í minnst þrjú ár. Lögð var áhersla á söng, hreyfingu og grundvallaratriði tónfræðinnar en nemendur gátu einnig stundað hljóðfæranám í smáhópum, annað hvort á píanó, blokkflautu eða einföld strengjahljóðfæri. Smám saman breyttist námskipan og kennsluhættir. Árið 1977, þegar gamli Barnamúsíkskólinn flutti í húsnæði gagnfræðaskólans við Lindargötu og tók upp nafnið Tónmenntaskóli Reykjavíkur var núverandi skipulagi komið á.

Nemendafjöldi við skólann var í upphafi um 80. Smám saman fjölgaði nemendum en aldrei komust allir að sem vildu vegna þrengsla og skorts á hentugu húsnæði. Veturinn 1960 - 61 fór nemendafjöldinn í 200, veturinn 1965 - 66 í 275, veturinn 1970 - 71 upp í 375, veturinn 1980 - 81 í 480 og veturinn 1982 - 83 er nemendafjöldinn orðinn 540. Það var meira en hægt var að ráða við með góðu móti í húsnæði skólans og var nemendafjöldinn í skólanum frá skólaárinu 1983 - 84 um 450 - 500 nemendur á ári. Þegar einsetning grunnskólans hófst í Reykjavík þurfti að fækka nemendum í skólanum þar sem tíminn til kennslu takmarkast við tímabilið frá kl. 14:00 - 19:00. Nemendafjöldinn er nú 230 - 250.

Húsnæðismál

Húsnæðismál Barnamúsíkskólans voru erfið frá upphafi og fengu ekki viðunandi lausn fyrr en 1977 þegar skólinn fékk inni í Lindargötuskólanum. Skólinn hóf starfsemi sína í Valsheimilínu við Hlíðarenda, var síðan í gagnfræðaskóla Vesturbæjar við Hringbraut, þá í Austurbæjarskólanum og síðast í húsnæði Iðnskólans þar sem hann var í rúm tuttugu ár.

Við flutninginn í Lindargötuskólann batnaði öll aðstaða skólans til muna og nemendum tók að fjölga verulega. Skipt var um nafn á skólanum og hlaut hann nafnið Tónmenntaskóli Reykjavíkur með samþykki borgaryfirvalda.

Á tímabilinu 1973 - 1990 rak skólinn útibú á nokkrum stöðum í borginni meðal annars í Breiðholti og Vesturbæ en frá 1990 hefur öll starfsemi skólans farið fram í Lindargötuskólanum auk þess sem skólinn hefur líka tónleika- og kennsluáðstöðu á Lindargötu 48 og í tveimur bakhúsum sem standa á lóð skólans.

Rekstur og fjármögnun

Barnamúsíkskólinn hlaut rekstrarstyrk frá Reykjavíkurborg fyrstu árin og einnig greiddi borgin laun skólastjóra. Síðar komst skólinn inn á fjárlög ríkisins, en frá 1975 til 1988 var hann rekinn eins og aðrir tónlistarskólar í landinu samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Frá 1989 hefur launakostnaður verið greiddur af Reykjavíkurborg samkvæmt lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

15. Framtíðarsýn

Allt skólastarf er breytingum undirorpið. Það er ljóst að skipulag tónlistarskólanna hefur breyst á síðustu árum eftir því sem einsetningu grunnskólans var komið á. Það er stutt í það að grunnskólinn þurfi á öllu sínu kennslurými að halda til að gera markmið einsetins skóla að veruleika. En einnig fer að líða að því að nýir skólar rísi þar sem fyrirfram hefur verið gert ráð fyrir sérskólum og sérhæfðu húsnæði til tónlistarkennslu.

Stundum hafa fræðslufirvöld rætt um að æskilegt væri að hluti af starfsemi tónlistarskólanna væri úti í grunnskólum, sérstaklega hvað varðar yngri börnin. Þetta hefur verið reynt í nokkrum tilfellum en ekki tekist nægilega vel til.

Mikilvægt er, að ekki sé tjaldað til einnar nætur í þessum efnunum, aðbúnaður fyrir tónlistarskóla sem ætlar að sinna kennslu í samvinnu við grunnskólann verður að vera góður og traustur; bráðabirgðalausnir og léleg aðstaða eru með öllu óaðgengilegar.

Samvinna við íslensk tónskáld hefur verið fastur liður í starfsemi skólans og er stefnt að því að halda þeirri samvinnu áfram. Felst hún meðal annars í því að panta tónverk fyrir ýmsar hljómsveitir og samspilshópa í skólanum, og einnig í því að fá íslensk tónskáld til að vinna að tónsmíðum með nemendum í hópvinnu.

Ýmislegt annað kæmi til greina að gera tilraunir með í framtíðinni. Það er t.d. ekki sjálfsagt að alla nemendur langi til að læra á hljóðfæri. Hugsanlegt væri að kenna börnum og unglingum (í smáhópum) að hlusta á og fræðast um ýmiss konar tónlist án þess að það verði um of á fræðilegum nótum. Með því móti yrði komið til móts við þarfir fleiri nemenda, sem einmitt er eitt af markmiðum Tónmenntaskólans.

Einnig mætti hugsa sér tilraunarstarfsemi í formi **fullorðinsfræðslu** í tónlist þar sem fullorðnum (t.d. foreldrum sem eiga börn í skólanum) væri kennd undirstöðuatriði tónlistar auk þess sem hlustað yrði á ýmiss konar tónlist og hún greind og skoðuð frá ýmsum hliðum.

Að síðustu mætti nefna hugmynd um **ungbarnakennslu** í tónlist þar sem 3 – 4 börn á aldrinum 2 – 4 ára væru í smáhópum ásamt foreldrum eða mæðrum í stuttan tíma í senn t.d. 25 – 30 mínútur tvisvar vikulega. Þar yrði unnið að ýmsum þáttum tónlistar í samræmi við viðurkenndar uppeldisaðferðir í tónlist.

Þetta eru þeir vaxtarbroddar sem álitlegir eru í starfsemi Tónmenntaskóla Reykjavíkur á næstu árum. Tíminn verður að leiða í ljós hvort þeir verða að veruleika.

Viðauki

Á næstu síðum má sjá dæmi um **umsókn fyrir skólapróf, stigsprófsskírteini frá Tónmenntaskólanum í hljóðfæraleik, stigsprófsskírteini frá Tónmenntaskólanum í tónfræðum, matsblað fyrir nám í hóptímum** og fyrir **hljóðfæranám** og auk þess **vitnisburðarblað** fyrir **miðsvetrarmat** (sem sent er út í janúar). Til glöggvunar er **miðsvetrarmatið** fyllt út með tilbúnum upplýsingum. Að síðustu, má sjá dæmi um **vormat þ.e. vitnisburð** sem sendur er út á **vorin** eftir að skóla lýkur. Einnig þar eru settar inn tilbúnar upplýsingar til glöggvunar. Þessu til viðbótar eru sýnd dæmi um þau eyðublöð sem notuð eru á vegum Prófanevndar menntamálaráðuneytisins, þ.e. vitnisburðarblað fyrir **Grunnpróf** í hljóðfæraleik og **Miðpróf** í hljóðfæraleik. Ef nemendur sem taka Grunnpróf í hljóðfæraleik hafa einnig lokið Grunnprófi í **tónfræði** fá þeir **Áfangaprófsskírteini** fyrir **Grunnpróf**, dæmi um slíkt er sýnt. Ef nemendur sem taka **Miðpróf** í hljóðfæraleik hafa einnig lokið Miðprófi í **tónfræði** þá fá þeir **Áfangaprófsskírteini** fyrir **Miðpróf** (sjá dæmi).

Eyðublöðin sem sýnd eru koma í þessari röð:

Umsókn fyrir skólapróf í hljóðfæraleik

Stigspróf (skólapróf, Millipróf) í hljóðfæraleik

Stigspróf (skólapróf) í tónfræði

Vitnisburðarblað fyrir Grunnpróf í hljóðfæraleik frá Prófanevnd

Vitnisburðarblað fyrir Miðpróf í hljóðfæraleik frá Prófanevnd

Skírteini um áfangapróf (**Grunnpróf**) í hljóðfæraleik ásamt tónfræðagreinum frá Prófanevnd

Skírteini um áfangapróf (**Miðpróf**) í hljóðfæraleik ásamt tónfræðagreinum frá Prófanevnd

Umsókn fyrir skólapróf í hljóðfæraleik er fyllt út af kennara áður en að prófi kemur. Á umsókninni er tilgreind tegund prófs (Forpróf I eða II eða Millipróf). Þetta gæti samt, eins og áður segir orðið gömlu stigin, þ.e. 1., 2., og 4. stig sem notuð yrðu.

Prófdómari skrifar á **umsóknarblaðið** umsögn í orðum um hvern prófþátt telji hann þörf á því. Einkunn er skráð bæði í tölum og bókstöfum: ÁG = ágætt, MG = mjög gott, GO = gott, AL = allgott, VI = viðunandi. (Sjá nánar í skýringum á eyðublaðinu neðst). Á **Prófsskírteininu**, sem afhent er í fyrsta hljóðfæratíma eftir próf eða fljótlega eftir það, kemur vitnisburður hins vegar aðeins fram í orðum auk upplýsinga um hvaða stig eða próf var tekið og hvaða verk voru leikin (sjá dæmi).

Nemandi fær umsóknarblaðið afhent með umsögnum prófdómara að prófi loknu eða fljótlega eftir það, í síðasta lagi þegar hann fær prófsskírteinið afhent. Kennari fer yfir umsagnir prófdómara með nemandanum.

UMSÓKN FYRIR SKÓLAPRÓF

Tónmenntaskóli Reykjavíkur

Nafn nemanda _____ Kennitala _____

Nafn kennara _____ Fag _____

Nafn prófdómara _____ Tegund prófs: Forpróf I Forpróf II Millipróf

Verkefni	Hámark/ Lágmark	Einkunn	Umsögn í orðum					
Tónstigar og brotnir hljómar	15/09							
Æfing/Etýða	15/09							
Verk 1	15/09							
Verk 2	15/09							
Verk 3	15/09							
Val	10/06							
Lestur af blaði	10/06							
Heildarsvipur	05/03							
Einkunn samtals	100/60		Einkunn í bókstöfum					
Almenn umsögn prófdómara			ÁG	MG	GO	AL	VI	
Skýringar: A próf: Tónstigar og br. hlj., æfing, 2 verk, blaðlestur og heildarsv. B próf: Tónstigar og br. hlj., æfing, 3 verk, blaðlestur og heildarsv. C próf: Tónstigar og br. hlj., æfing, 4 verk, blaðlestur og heildarsv. ÁG=Ágætt (9,4-10), MG=Mjög gott (8,5-9,3), GO=Gott (7,6-8,4), AL=Allgott (6,7-7,5), VI=Viðunandi (6,0-6,6, lágmarkseinkunn)			Dagsetning					
			Undirskrift kennara					
			Undirskrift prófdómara					

FORPRÓF II

Björn Björnsson

lauk forprófi II í pianóleik þann 3.5.2005

Einkunn: 8,5

Tónstigar og br. hljómar:

Samkvæmt námskrá

Burman:

Æfing nr. 12 í C-dúr og a-moll

Úr safni Alfred's:

Komdu að dansa Polka

Fr. Lay:

Stef úr Love Story

J. C. Naudot:

Babiole

S. Joplin:

Skemmtikrafturinn

Skýringar

ÁG Ágætt (9,4 - 10,0)
MG Mjög gott (8,5 - 9,3)
GO Gott (7,6 - 8,4)
AL Allgott (6,7 - 7,5)
VI Viðunandi (6,0 - 6,6)

Reykjavík, 31.5.2005

Stefán Eidestein

Skólastjóri

STIGSPRÓF

Björn Björnsson

lauk annars stigs prófi í tónfræði þann 4.4.2005

Einkunn: 8,3

Reykjavík, 3.6.2005

Skýringar

ÁG Ágætt (9,4 - 10,0)
MG Mjög gott (8,5 - 9,3)
GO Gott (7,6 - 8,4)
AL Allgott (6,7 - 7,5)
VI Viðunandi (6,0 - 6,6)

Kennari

Stefán Eidestein

Skólastjóri

Vitnisburðarblað

Nafn próftaka
kt.Grunnpróf í
tekið
Prófdómari var

Skóli

Verkefni	Umsögn	Einingar
Tónverk I		(Hámark 15)
Tónverk II		(Hámark 15)
Tónverk III		(Hámark 15)
Æfing		(Hámark 15)
Tónstigar og hljómar		(Hámark 15)
Val		(Hámark 10)
Óundirbúinn nótnalestur		(Hámark 10)
Heildarsvipur		(Hámark 5)
Einkunn	Stóðst grunnpróf í	

Reykjavík,

Vitnisburðarblað

Nafn próftaka
kt.Miðpróf í
tekið
Prófdómari var

Skóli

Verkefni	Umsögn	Einingar
Tónverk I		(Hámark 15)
Tónverk II		(Hámark 15)
Tónverk III		(Hámark 15)
Æfing		(Hámark 15)
Tónstigar og hljómar		(Hámark 15)
Val		(Hámark 10)
Óundirbúinn nótnalestur		(Hámark 10)
Heildarsvipur		(Hámark 5)
Einkunn	Stóðst miðpróf í	

Reykjavík,

Skúrteini
um áfangapróf
tónlistarskóla

Nafn
kt.

hefur lokið grunnprófi í (námsgrein)
ásamt tónfræðagreinum
frá (nafn skóla)
í samræmi við kröfur aðalnámskrár
tónlistarskóla.

Reykjavík,

formaður PrófaneNDAR tónlistarskóla

Skúrteini
um áfangapróf
tónlistarskóla

Nafn
kt.

hefur lokið miðprófi í (námsgrein)
ásamt tónfræðagreinum
frá (nafn skóla)
í samræmi við kröfur aðalnámskrár
tónlistarskóla.

Reykjavík,

formaður Prófánefndar tónlistarskóla

Um matsaðferðir í skólaprófum

Skólapróf í tónfræðum eru yfirleitt tekin í mars eða í síðasta lagi apríl. Forstig og I. stig eru í einum hluta. II. og IV. stig eru tekin í tveimur hlutum, annars vegar skriflegum og hins vegar hluta byggðum á hlustun. III. stig svarar til Grunnprófs í tónfræði og V. stig svarar til Miðprófs í tónfræði. Þessi próf eru tekin skv. fyrirmælum og stöðlun Prófanevndar tónlistarskóla sem gilda fyrir alla tónlistarskóla í landinu. Skólapróf Tónmenntaskólans í tónfræðum eru stöðluð. Einkunnakvarðinn er hinn sami og fyrir hljóðfærastigspróf, 60 - 100 einingar (6 - 10). Þegar kennari hefur farið yfir prófin fá nemendur að vita einkunnir í tölum en á prófskírteininu kemur einkunnin aðeins fram í orðum. Einkunnin í tölustöfum kemur hinsvegar fram í Miðsvetrarmatinu og / eða í Vormatinu. Nemendur fá prófskírteini afhent í næsta eða þarnæsta tíma eftir að próf er tekið.

Hafi nemandi verið veikur þegar próf í tónfræði fór fram getur hann tekið sjúkrapróf viku eða tveimur vikum síðar. Nái nemandi ekki prófi getur hann endurtekið prófið næsta haust og kemur þetta fram á vitnisburðarblaði nemandans. Þetta á við um 1., 2. og 4. stig í tónfræði. Ef nemandi nær ekki forstigsprófinu í tónfræði í 2. bekk endurtekur hann prófið í næsta eða þarnæsta tíma. Tæplega kemur til þess að nemandi nái ekki skólaprófi í **hljóðfæraleik** vegna þess að hljóðfærakennari sendir ekki nemanda í skólapróf (stigspróf) nema nemandinn sé nokkuð öruggur um að ná því þokkalega vel.

Hvað varðar áfangapróf í hljóðfæraleik og tónfræði (þ.e. Grunnpróf og Miðpróf) sem haldin eru og dæmd á vegum Prófanevndar tónlistarskólanna þá eru tónfræðaprófin endurtekin við hentugt tækifæri hafi nemandi ekki náð prófinu, t.d. hálfu ári síðar eða í síðasta lagi ári síðar, en af sömu ástæðum og áður eru nefndar kemur það tæplega fyrir að nemendur nái ekki þokkalegu prófi í hljóðfæraleik, hljóðfærakennari lætur nemanda sem stendur tæpt einfaldlega ekki taka próf heldur bíður með það þangað til nemandinn er tilbúinn að mati kennara.

Eins og sést á miðsvetrarmatsblaðinu bls. 48 og vormatsblaðinu bls. 49. er gefið fyrir **ástundun** og **árangur** bæði í hljóðfæraleik og hóptímum. **Ástundun** segir til um **heimavinnu** og **þátttöku** en **árangur** metur **næmi** og **hljóðfæraleik** (eða það sem flokkast undir ýmiss konar næmi í hóptímum). Skulu þessi atriði nú skýrð nánar eins og þau snúa að hljóðfæranáminu og námi í hóptímum. Í því sambandi er best að rýna í matsblöðin fyrir nám í **hljóðfæraleik** og í **hóptímum** bls. 46 og bls. 47.

Einkunn fyrir **ástundun** byggir annars vegar á **heimavinnu** nemanda, þ.e. hvernig hann stundar heimaæfingar á hljóðfærið og vinnur tónfræðaverkefnið fyrir hóptímana. Á hinn bóginn byggir einkunnin á **þátttöku**, þ.e., mati kennara á eftirfarandi þáttum:

- **áhuga** - hve áhugasamur og vakandi nemandinn er í tímum

- **einbeitingu** - hve einbeittur nemandinn er og hversu mikið úthald hann hefur við lausn verkefna
- **frumkvæði** - hversu framtakssamur og virkur nemandinn er, einnig við það að koma á framfæri eigin hugmyndum
- **sjálfstæði** - hve sjálfstæður nemandinn er í vinnubrögðum
- **samvinnu** - hvernig nemandi vinnur með kennara og með öðrum í hópi.

Mat kennara á **þátttöku** er fyrst og fremst huglægt en **heimavinnu** og **árangur** má meta með hlutlögari hætti, t.d. má meta árangur (næmi og hljóðfæraleik) á formlegan hátt, svo sem með prófum.

Einkunn fyrir **árangur** er tvíþætt: Gefið er fyrir **næmi** og **hljóðfæraleik** hvað viðkemur hljóðfæranáminu og fyrir **næmi** í sambandi við ýmis tónlistaratriði hvað viðvíkur náminu í hóptímum. **Næmi** felur því í sér mat á eftirfarandi þáttum:

Í **hóptímum** eru eftirfarandi þættir nefndir:

- **tónheyrn** - hversu greinilega nemandi skynjar tónhæðir, tónbil og hljóma
- **hrynskyn** - hversu greinilega nemandi skynjar hrynmynstur og mismunandi lengdargildi nótna og þagna
- **blæskyn** - hversu vel nemandi getur aðgreint mismunandi blæ radda og hljóðfæra í einleik og samleik og eins hvernig honum tekst að laða fram mismunandi blæbrigði hljóðfæraleik
- **formskyn** - hversu skýrt nemandi skynjar það sem er eins, líkt og ólíkt í formgerð tónlistar
- **minni** - hversu nákvæmlega nemandi getur endurtekið laglínu- eða hrynmynstur sem leikin eru fyrir hann og hvernig honum gengur að leika verkefni eftir minni.

Í **hljóðfæraleik** eru eftirfarandi þættir metnir:

- Sömu þættir og í hóptímum, þ.e. **tónheyrn** / **hlustun**, **hrynskyn**, **formskyn** og **minni**
- **líkamsstaða** / **handstaða**

Auk þess:

- **tónmyndun** / **ásláttur**
- **nótnalestur**
- **leikni**
- **hlustun**
- **annað**, t.d. öndun við leik á blásturshljóðfæri eða bogatækni við leik á strengjahljóðfæri.

Í hóptímum er auk næmis í ýmsum tónlistarlegum þáttum lagt mat á eftirfarandi:

- **hreyfingu** - t.d. í látbragðs- eða hrynleikjum í forskóla og eins hreyfingu eftir tónlist í frjálssu eða bundnu formi
- **hljóðfæraleik** - t.d. blokkflautuleik í forskóla, leik á skólahljóðfæri og á eigið hljóðfæri í hóptímum
- **tjáningu** - t.d. söng og munnlega tjáningu (orðræðu).

Fyrir utan mat á **ástundun** og **árangri** er tekið mið af **skólasókn** nemanda. Skólasókn er byggð á mætingaskrá kennara. Ekki er gefin einkunn fyrir skólasókn, en ef fjarvistir fara yfir vissan fjölda kennslustunda kemur athugasemd á vitnisburðarblaðið. Einnig er getið um stundvísi. Léleg skólasókn hefur að sjálfsögðu óhjákvæmilega áhrif á einkunnir í **ástundun** og **árangri** alveg eins og góð skólasókn mundi gera.

Matsblöð fyrir nám í hóptímum og fyrir hljóðfæranám, þar sem öll þessi atriði koma fram eru sýnd á bls. 46 og 47. Þessi eyðuböð eru vinnublöð fyrir kennara og ekki ætluð öðrum, nema miðsvetrarmatið, sem sent er út í janúar og vormatið sem sent er út á vorin að skólaári loknu. Matsblöðin koma í þessari röð:

1. Matsblað fyrir **hljóðfæranám**.
2. Matsblað fyrir nám í **hóptímum**.
3. **Miðsvetrarmat**. Blaðið er fyrir “tilbúinn” nemanda sem hefur stundað nám í fjögur ár í Forskóla II, 1., 2. og 3. bekk.
4. **Vormat**. Blaðið sýnir dæmi um annan “tilbúinn” nemanda sem hefur stundað nám í fjögur ár.

Matsblað fyrir hljóðfæranám

Skólasókn (Tölulegar upplýsingar.)	Seint	Fjarvistir	Leyfi	Veikindi	Athugasemdir

Ástundun

(Heimavinna og þáttaka.)

Heimavinna	ÁG	MG	GO	AL	VI	Athugasemdir

Þátttaka í tímum	ÁG	MG	GO	AL	VI	Athugasemdir
Áhugi						
Einbeiting						
Samvinna						
Frumkvæði/Sjálfstæði						

Árangur í hljóðfæraleik

(Frammistaða og framfarir miðað við ástundun og forsendur (næmi) hvers nemanda.)

Heildareinkunn í ástundun:
(Heimavinna og þátttaka að jöfnu.)

Hljóðfæral. & næmi	ÁG	MG	GO	AL	VI	Athugasemdir
Tónheyrn/Hlustun						
Hrynskyn						
Formskyn						
Minni						
Líkamsstaða/Handst.						
Tónmyndun/Ásláttur						
Lestur						
Öndun/Bogi/...						

Umsögn:

(Almenn umsögn til nánari útskýringar.)

Heildareinkunn í árangri:

Matsblað fyrir nám í hóptímum

Skólasókn (Tölulegar upplýsingar.)	Seint	Fjarvistir	Leyfi	Veikindi	Athugasemdir

Ástundun

(Heimavinna og þátttaka.)

Heimavinna	ÁG	MG	GO	AL	VI	Athugasemdir

Þátttaka í tímum	ÁG	MG	GO	AL	VI	Athugasemdir
Áhugi						
Einbeiting						
Samvinna						
Frumkvæði/Sjálfstæði						

Árangur

(Frammistaða og framfarir miðað við ástundun og forsendur (næmi) hvers nemanda og þær kröfur sem gerðar eru til hópsins hverju sinni.)

Heildareinkunn í ástundun:
(Heimavinna og þátttaka að jöfnu.)

Næmi	ÁG	MG	GO	AL	VI	Athugasemdir
Tónheym						
Hrynskyn						
Blæskyn						
Formskyn						
Minni						
Hreyfing						
Hljóðfæraleikur						
Tjáning (söngur, orðræða)						

Umsögn:

(Almenn umsögn til nánari útskýringar.)

Heildareinkunn í árangri:

Miðsvetrarmat 2004-2005

Ragnheiður Erla Óskarsdóttir
Frakkastíg 91
101 REYKJAVÍK

Námsgrein	Ástundun	Árangur	Skólasókn				Kennari
			Seint	Fjarvistir	Leyfi	Veikindi	

Hóptími MG MG 0 0 0 0 Sigurlaug Regína Friðbjófsdóttir

Mjög duglegur og hugmyndaþingur nemandi. Skólasókn til fyrirmyndar.

Selló MG MG 0 0 0 0 Sigurður Bjarki Gunnarsson

Áhugasamur nemandi. Hefur sýnt góðar framfarir. Skólasókn til fyrirmyndar.

Námsgrein	Miðsvetrarmat		Vormat		Skólaárið
	Ástundun	Árangur	Ástundun	Árangur	
Hóptími	MG	MG	ÁG	ÁG	2004-2005
Selló	MG	MG	MG	MG	2004-2005
Hóptími	ÁG	MG	ÁG	MG	2003-2004
Selló	MG	MG	ÁG	ÁG	2003-2004
Hóptími	ÁG	ÁG	ÁG	ÁG	2002-2003
Selló	MG	MG	MG	MG	2002-2003
Forskóli			MG	ÁG	2001-2002

Námsgrein	Áfangapróf	Einkunn	Dagsetning
Tónfræði	Stigspróf I	9,7	18.4.2005
Selló	Stigspróf I	9,4	18.2.2004

Ástundun: Mat á því hvernig nemandi stundar heimanám sitt
 Árangur: Mat á því hvernig nemandi tekst að tileinka sér þau atriði sem unnið er með
 Einkunnastigi: ÁG Ágætt (9,4 - 10,0) - MG Gjög gott (8,5 - 9,3) - GO Gott (7,6 - 8,4)
 AL Allgott (6,7 - 7,5) - VI Viðunandi (6,0 - 6,6)

Reykjavík, 3.6.2005

Stefan Eidestein

Skólastjóri

Vormat 2004-2005

Ásbjörn Árni Ásbjörnsson
Lindargata 121
101 REYKJAVÍK

Námsgrein	Ástundun	Árangur	Skólasókn				Kennari
			Seint	Fjarvistir	Leyfi	Veikindi	

Básúna	ÁG	ÁG	0	0	0	0	Vilborg Jónsdóttir
--------	----	----	---	---	---	---	--------------------

Fyrirmyndarnemandi á öllum sviðum. Duglegur að æfa sig heima og tekur vel til sögn. Framfarir mjög góðar í vetur.

Hóptími	MG	MG	0	0	1	0	Rikharður og Kjartan
---------	----	----	---	---	---	---	----------------------

Sýndi náminu áhuga og skilning. Skilaði ágætum verkefnum.

Helstu verkefni í hljóðfæraleik

Arban: Arban Grand Method

Gaetke: 60 Studies

S. Hering: 40 Progressive Etudes

Kopprasch: Sixty selected Studies, 1. hefti

R. Fink: Studies in Legato

Galliard: 6 Sonatas

J. Parker: Jazzed Up Too

C. Mowat: Unlocking the Tenor Clef

Helstu verkefni í hóptímum

Stutt kór- og kammerverk ásamt rafverki. Einnig lítil æfing með tónsmíðaforritun CALMUS.

Kom fram á eftirfarandi tónleikum

Aðventutónleikar sunnudaginn 28. nóvember

Jólatónleikar í Bústaðakirkju laugardaginn 4. desember

Tónleikar í Ráðhúsi Reykjavíkur 11. desember

Hljómsveitartónleikar í Háskólabíói laugardaginn 23. apríl

Stórsveitartónleikar í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 23. apríl

Vortónleikar í Tónmenntaskóla Reykjavíkur laugardaginn 30. apríl

Vortónleikar í Íslensku óperunni laugardaginn 7. maí

Hljómsveitir, samspil og önnur verkefni

Tók þátt í starfi eldri blásarasveitar

Tók þátt í starfi stórsveitar TMS

Tók þátt í kammarmúsík / samspili

Námsgrein	Miðsvetrarmat		Vormat		Skólaárið
	Ástundun	Árangur	Ástundun	Árangur	
Básúna	ÁG	ÁG	ÁG	ÁG	2004-2005
Hóptími	MG	AL	MG	MG	2004-2005
Básúna	ÁG	ÁG	ÁG	ÁG	2003-2004
Hóptími	MG	MG	ÁG	ÁG	2003-2004
Básúna	ÁG	ÁG	ÁG	ÁG	2002-2003
Hóptími	ÁG	MG	ÁG	ÁG	2002-2003
Básúna			ÁG	ÁG	2001-2002

Námsgrein	Áfangapróf	Einkunn	Dagsetning
Básúna	Miðpróf	8,5	21.5.2004
Tónfræði	Stigspróf V	8,5	20.4.2004
Tónfræði	Stigspróf IV	9,9	16.4.2003
Básúna	Stigspróf IV	9,0	24.5.2002
Tónfræði	Stigspróf III	9,1	3.5.2002
Básúna	Stigspróf III	9,4	15.5.2001
Tónfræði	Stigspróf II	9,3	3.4.2001

Ástundun: Mat á því hvernig nemandi stundar heimanám sitt
 Árangur: Mat á því hvernig nemandi tekst að tileinka sér þau atriði sem unnið er með
 Einkunnastigi: ÁG Ágætt (9,4 - 10,0) - MG Mjög gott (8,5 - 9,3) - GO Gott (7,6 - 8,4)
 AL Allgott (6,7 - 7,5) - VI Viðunandi (6,0 - 6,6)

Reykjavík, 3.6.2005

Stefan Eidehlstein

Skólastjóri